HAFNARFJÖRÐUR
Fræðslu- og frístundaþjónusta Hafnarfjarðar

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Grunnskólar

# Skólavogin 2014-2015

## - Samantekt á niðurstöðum fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar -



Hafnarfjörður
September 2015

© Fræðslu- og frístundaþjónusta Hafnarfjarðar 2015

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Linnetsstíg 3
220 Hafnarfjörður
Sími 585 5800

Netfang: skolaskr@hafnarfjordur.is
Veffang: www.hafnarfjordur.is

Forsíðumyndir eru úr grunnskólastarfi bæjarins skólaárið 2014-2015.

# Formáli

Þessi skýrsla er samantekt á viðhorfakönnunum Skólapúlsins sem er verkfæri í innra mati grunnskóla Hafnarfjarðar. Skólapúlsinn myndar sameiginlegan gagnagrunn á niðurstöðum allra skólanna inn í Skólavogina sem virkar þá sem verkfæri í ytra mati bæjarins. Þetta er annað árið sem svona samantekt er gerð og birt opinberlega í skýrslu.

Það er hluti af verkefnum sveitarfélagsins að sinna ytra mati á grunnskólunum í samræmi við lög um grunnskóla nr. 91/2008. Skólaárið 2014-2015 er annað skólaárið sem allir grunnskólarnir í Hafnarfirði nota Skólapúlsinn til að leggja mat á starf sitt. Þátttaka bæjarins í verkefninu hófst formlega vorið 2013 þegar bærinn keypti aðgang að Skólavoginni en grunnskólar bæjarins hófu notkun á Skólapúlsinum á mismunandi tíma. Það ræðst af notagildi skýrslunnar fyrir hagsmunaðila hvort framhald verður á og þá hvernig hún þróast áfram, en skýrslugerðin er hluti af verkefni bæjarins við ytra mat á grunnskólum.

Í skýrslunni eru dregnar fram helstu niðurstöður Skólapúlsins fyrir Hafnarfjörð (Skólavogin) skólaárið 2014 – 2015. Kannanir voru lagðar fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk um viðhorf þeirra til starfsemi skólanna. Markmið skýrslunnar er að gefa mynd af stöðu hvers skóla, þeir geti borið sig saman við aðra skóla í Hafnarfirði og séð meðaltal annarra skóla sem eru í Skólavoginni. Ennfremur að fræðsluyfirvöld sjái samanburð við meðaltal annarra sveitarfélaga á landinu sem eru í Skólavoginni. Listi yfir þátttökuskóla á landinu er á www.skolapulsinn.is. Tilgangurinn er að skólarnir geti nýtt niðurstöður og samanburð til að sjá hvað vel tekst til og finna sér sóknarfæri og umbótaverkefni. Einnig að aðrir hagsmunaaðilar skólastarfsins, s.s. foreldrar og fræðsluyfirvöld, fái góða yfirsýn yfir stöðu skólanna og bæjarins í heild í samanburði við aðra og geti lagt sitt af mörkum lögum samkvæmt til að aðstoða skólanna á grundvelli þessara megindlegu gagna.

Skýrslan er nú unnin af Erlu Guðjónsdóttur, MA í mati á skólastarfi og fyrrverandi skólastjóra Öldutúnsskóla. Skýrslan er byggð á grunni sem unninn var sumarið 2014 af Arnóri Heiðarssyni, grunnskólakennara í Hafnarfirði sem var þá MPA nemi Háskóla Íslands í opinberri stjórnsýslu með sérhæfingu á sviði stjórnunar menntastofnana. Skýrslan er þó á ábyrgð Vigfúsar Hallgrímssonar, þróunarfulltrúa grunnskóla á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Uppbygging skýrslunnar er á þann veg að á eftir efnisyfirliti kemur samantekt og inngangur. Þá tekur við kafli sem kynnir Skólapúlsinn og Skólavogina og þær aðferðafræðilegu forsendur sem þau byggja á. Meginkaflinn er samantekt á niðurstöðum úr viðhorfakönnunum nemenda, foreldra og starfsmanna einstakra skóla með sérstakri samantekt í upphafi fyrir bæinn í heild. Aftan við skýrsluna er viðauki:

- Viðauki 1: Niðurstöður hverrar samantektarspurningar einstakra skóla kynntar ásamt flokkun út frá meðaltali Skólavogarinnar (ljósgrænt, gult og appelsínugult).
- Viðauki 2: Spurningar sem eru í nemendakönnun Skólapúlsins.
- Viðauki 3: Spurningar sem eru í foreldrakönnun Skólapúlsins.
- Viðauki 4: Spurningar sem eru í starfsmannakönnun Skólapúlsins.

# Efnisyfirlit

**Formáli** ........ **3**

**Samantekt** ........ **8**

**Inngangur** ........ **9**

**1. Skólapúlsinn, Skólavogin og aðferðafræði þeirra** ........ **10**

**2. Niðurstöður fyrir Hafnarfjörð og einstaka skóla** ........ **12**

2.0 Hafnarfjörður ........ 13

2.1 Áslandsskóli ........ 16

2.2 Hraunvallaskóli ........ 19

2.3 Hvaleyrarskóli ........ 22

2.4 Lækjarskóli ........ 26

2.5 Setbergsskóli ........ 30

2.6 Víðistaðaskóli ........ 33

2.7 Öldutúnsskóli ........ 37

**3. Hvað svo?** ........ **40**

**Viðauki** ........ **42**

**Viðauki 1: Samantekt kannana** ........ **43**

Nemendakönnun ........ 43

Foreldrakönnun ........ 44

Starfsmannakönnun ........ 47

**Viðauki 2: Nemendakönnun – útskýringar á spurningum** ........ **50**

1. VIRKNI ........ 50

1.1 Ánægja af lestri ........ 50

1.2 Þrautseigja í námi ........ 50

1.3 Áhugi á stærðfræði ........ 51

1.4 Ánægja af náttúrufræði ........ 51

1.5 Trú á eigin vinnubrögð í námi ........ 51

1.6 Trú á eigin námsgetu ........ 52

2. LÍÐAN ........ 52

2.1 Sjálfsálit ........ 52

2.2 Stjórn á eigin lífi ........ 53

2.3 Vellíðan ........ 53

2.4 Einelti ... 54
2.5 Tíðni eineltis ... 54
2.6 Hreyfing ... 55
2.7 Mataræði ... 55
3. SKÓLA- OG BEKKJARANDI ... 55
3.1 Samsömun við nemendahópinn ... 55
3.2 Samband nemenda við kennara ... 56
3.4 Virk þátttaka nemenda í tímum ... 57
3.5 Mikilvægi heimavinnu í náminu ... 57
**Viðauki 3: Foreldrakönnun – útskýringar á spurningum ... 58**
1. NÁM OG KENNSLA ... 58
1.1 Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum ... 58
1.2 Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra ... 58
1.3 Ánægja foreldra með stjórnun skólans ... 58
1.4 Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra ... 59
1.5 Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra ... 59
1.6 Hæfileg áhersla á námsmat með hefðb. prófum að mati foreldra ... 59
1.7 Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðbundin próf að mati foreldra ... 59
2.1 Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur ... 59
2.2 Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda ... 59
2.3 Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt ... 60
2.4 Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt ... 60
2.5 Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt ... 60
2.6 Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra ... 60
2.7 Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum ... 60
2.8 Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum ... 60
2.9 Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans ... 61
2.10 Meðaltímabil eineltis ... 61
3. AÐSTAÐA OG ÞJÓNUSTA ... 61
3.1 Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum ... 61
3.2 Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu/frístundaheimili ... 61
3.3 Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili ... 62
3.4 Ánægja foreldra með sérkennsluna/stuðninginn ... 62
3.5 Hlutfall nemenda með sérkennslu/stuðning í skólanum ... 62
3.6 Tíðni sérkennslu/stuðnings ... 62

3.7 Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun ... 62
3.8 Hlutfall foreldra í samstarfi um einstaklingsáætlun ... 63
3.9 Ánægja foreldra með sálfræðiþjónustu ... 63
3.10 Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu á skólaárinu ... 63
3.11 Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti ... 63
3.12 Notkun á mötuneyti ... 63
3.13 Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti ... 63
4. FORELDRASAMSTARF ... 63
4.1 Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi ... 63
4.2 Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur ... 64
4.3 Ánægja með síðasta foreldraviðtal ... 64
4.4 Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum ... 64
4.5 Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra ... 64
4.6 Ánægja foreldra með heimasíðu skólans ... 64
4.7 Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá ... 65
5 HEIMASTUÐNINGUR ... 65
5.1 Virkni foreldra í námi barna sinna ... 65
5.2. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið ... 65
5.3 Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í námi ... 65
5.4. Hæfileg heimavinna að mati foreldra ... 65
5.5. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám ... 65
5.6 Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns ... 65
**Viðauki 4: starfsmannakönnun – útskýringar á spurningum ... 66**
2. ALLIR STARFSMENN ... 66
2.1 Hlutfall starfsfólks 40 ára og eldra ... 66
2.2 Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð ... 66
2.3 Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð ... 66
2.4 Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð ... 66
2.6 Gagnsemi starfsmannaviðtals ... 66
2.7 Tíðni áreitni meðal starfsfólks ... 66
2.8 Tíðni eineltis meðal starfsfólks ... 67
3. VIÐHORF TIL SKÓLANS ... 67
3.1 Starfsánægja í skólanum ... 67
3.2 Starfsandi innan skólans ... 67
3.3 Stjórnun skólans ... 68

3.4 Upplýsingastreymi innan skólans ........ 68
3.5 Starfsaðstaða í skólanum ........ 69
4. KENNARASTARFIÐ ........ 69
4.1 Ánægja með kennarastarfið ........ 69
4.2 Trú kennara skólans á eigin getu ........ 69
4.3 Upplýsingamiðlun til foreldra ........ 70
4.4 Tími í heimavinnu á viku ........ 70
4.5 Undirbúningur kennslu í skólanum ........ 70
4.6 Öllum bekknum kennt í einu ........ 70
4.7 Hópavinna í bekk ........ 70
4.8 Einstaklingsvinna í bekk ........ 71
4.9 Einstaklingsmiðuð kennsla ........ 71
4.10 Áhersla kennara á námsmat með prófum ........ 71
4.11 Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum ........ 71
5. STARFSUMHVERFI KENNARA ........ 72
5.1 Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika ........ 72
5.2 Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem. ........ 72
5.4 Samráð um kennslu ........ 73
5.5 Samvinna um kennslu ........ 73
5.6 Valddreifing við ákvarðanatöku ........ 74
5.7 Virk samvinna um skólaþróun og umbætur ........ 74
6. MAT OG ENDURGJÖF ........ 75
6.1 Umfang mats og endurgjafar ........ 75
6.2 Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara ........ 76
6.3 Sanngirni mats og endurgjafar ........ 76
6.4 Gagnsemi mats og endurgjafar ........ 76
6.5 Nýting á niðurstöðum kennaramats ........ 76
7. SÍMENNTUN KENNARA ........ 77
7.1 Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár ........ 77
7.2 Símenntunarþörf kennara ........ 77
7.3 Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 18 mán. ........ 77

## Samantekt

Þessi skýrsla er samantekt úr viðhorfakönnunum sem lagðar voru fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk allra grunnskóla sem Hafnarfjarðarbær starfrækir skólaárið 2014-2015. Kannanirnar eru stafrænar og lagðar fyrir nemendur í 6.-10. bekk, foreldra nemenda í 1.-10. bekk og alla starfsmenn skólanna eftir kerfi sem fyrirtækið Vísar heldur úti og selur skólum (Skólapúlsinn) og sveitarfélögum (Skólavogin).

Niðurstöðurnar sem hér eru kynntar eru nokkurs konar árangursmat út frá viðhorfum. Það er mat foreldra, nemenda og starfsmanna á starfsemi skólanna út frá viðhorfum þeirra sem þó geta ekki talist raunmælingar á árangri. Því skal skoða niðurstöðurnar út frá þeim sjónarmiðum að engin viðmið eru til að meta niðurstöður viðhorfamælinganna nema meðaltöl annarra skóla/sveitarfélaga. Viðhorfakannanir eru ein aðferða til að afla upplýsinga en viðhorf endurspegla ekki endilega árangur þótt þau gefi til kynna ákveðin sjónarmið sem mikilvægt er að virða. Óljóst er því hvenær ber að taka niðurstöður alvarlega því spurningakannanir hafa annmarka í því að afla upplýsinga um veruleikann, t.d. varðandi það hvernig spurning er skilin af þeim sem svarar. Að því sögðu eiga viðhorfamælingar samt að geta veitt mikilvægar upplýsingar þó að túlkun þeirra sé alltaf stór þáttur í matsframkvæmd líkt og þessi skýrslugerð er.

Meginniðurstöður skýrslunnar gefa til kynna jákvæðari sjónarmið nemenda til grunnskóla-starfsins í bænum en hjá foreldrum og starfsfólki – sé miðað við niðurstöður landsins í heild í Skólavoginni. Þannig eru hafnfirskir nemendur í fjórum samantektarspurningum (af 18) Skóla-vogarinnar meðal 25% hæstu sveitarfélaga Skólavogarinnar og einu sinni meðal 25% lægstu. Í foreldrahluta Skólavogarinnar er Hafnarfjörður í tveimur atriðum meðal 25% hæstu sveitar-félaga en í sjö þáttum (af 43) meðal 25% lægstu. Í starfsmannaviðhorfum er Hafnarfjörður í fjórum þáttum meðal 25% hæstu sveitarfélaga en í 14 samantektarspurningum (af 40) meðal 25% lægstu sveitarfélaganna. Niðurstöðurnar sýna líka að það er töluverður breytileiki milli skóla á niðurstöðum einstakra spurninga og þarf að skoða útkomu hvers skóla til að sjá mun og breytileika skóla í Hafnarfirði.

Í heildina séð er það mat skýrsluhöfunda að engar niðurstöður skýrslunnar gefi til kynna alvarlegt ástand í einstaka grunnskóla bæjarins þótt tækifæri til sóknar og frekari árangurs séu til staðar sé tekið mið af viðhorfum hagsmunaaðila til grunnskólastarfsins í Hafnarfirði. Í samantektum um einstaka skóla er bent á þætti sem hægt er að nýta sem möguleg tækifæri til skólaþróunar og frekari (sjálfs)skoðunar. Allt í allt gefur það einnig til kynna að skólastarf er flókið og þarf að takast á við margbrotin samfélagsleg markmið þar sem umhverfi skólans er ekki síður áhrifavaldur en það sem gerist innan hans. En það breytir því ekki að ábyrgð sveitarfélags, skóla/starfsfólks og foreldra og nemenda er mikil í því að grunnskólastarf nái markmiðum sínum. Viðhorf hagsmunaaðila til skólastarfsins skipta þar miklu máli. Í þeim tilgangi er þessi skýrsla unnin sem leiðarvísir um þætti sem eru nauðsynlegir til frekari skoðunar og þróunar.

## Inngangur

Á síðastliðnum árum og áratugum hefur umræðan í samfélaginu og meðal fræðimanna fjallað töluvert um það hvernig skólastarf geti orðið „skilvirkara“ og skilað „meiri árangri“, þótt merking þeirra hugtaka geti verið mismunandi eftir kenningum og einstaklingum. Sem svar við slíku verkefni var talið að „mat á skólastarfi“ væri sjálfsagt viðfangsefni í stofnanaumhverfi menntakerfis hvers lands. Árið 1995 var grunnskólalögum breytt á Íslandi og ákvæði sett í fyrsta skipti um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs sem skyldi framkvæmt af ráðuneyti menntamála sem mat á verklagi við sjálfsmat skóla. Í núverandi lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) er ákvæði um að mat á skólastarfi eigi að vera virkur þáttur í starfi grunnskólanna. Það greinist í „innra mat skóla“ (í stað „sjálfsmats skóla“ áður) og „ytra mat“, sem skiptist bæði á sveitarfélög og ríki með verkaskiptingu sem þó er ekki með öllu augljós. Hver grunnskóli eigi að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs og birta þær upplýsingar með reglulegu millibili, nefnt innra mat. Auk ríks eiga sveitarfélög að sinna ytra mati og eftirliti með gæðum skólastarfs. Framkvæmd „mats á skólastarfi“ (sem sjálfsmat, innra mat og ytra mat) í íslensku skólakerfi hefur því verið í mótun frá 1995 þar sem stuðst hefur verið við ýmis verkfæri og margvíslegt verklag og engin ein hefð hefur skapast um tilteknar framkvæmdir. Skólapúlsinn, með útfærslu á gagnagrunni fyrir sveitarfélög í Skólavoginni, er sérhannað, íslenskt verkfæri sem ætlað er að hjálpa til við innra (skólar) og ytra mat (sveitarfélaga) og sækir efnivið sinn í erlendar fyrirmyndir.

Fyrir sveitarfélagið er Skólavogin, sem samantekt á gögnum einstakra skóla í Skólapúlsinum, verkfæri til að fá sem áreiðanlegastar upplýsingar um ákveðna þætti í skólastarfinu - hér sérstaklega viðhorf hagsmunaaðila til framkvæmdar skólastarfsins. Skólavogina getur sveitarfélagið nýtt til að meta eigin stefnu og framkvæmd á skólastarfi og gert umbætur sem varða heildina, sem og til að aðstoða einstaka skóla við að vinna að umbótum þar sem þess gerist þörf með viðeigandi björgum.

Skýrslu þessari er fyrst og fremst ætlað að vera upplýsandi fyrir stjórnendur grunnskóla í Hafnarfirði og jafnframt veita fræðsluyfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar um grunnskóla-starfið í bænum. Skólapúlsinn, sem liður í innra mati grunnskóla, hentar vel til að fá álit þeirra sem koma að skólastarfinu og mikilvægt er að hlusta á þau sjónarmið og viðhorf sem þar koma fram. Hins vegar ber að varast að oftúlka niðurstöður með því að horfa um of á þær sem annað hvort áfellisdóm eða fullnaðarsigur sem gefi heildarmynd af starfi einstakra skóla. Niður-stöðurnar segja ýmislegt um skólastarfið og geta verið vísbending um gott starf og einnig hvað má gera betur. Á heildina litið er mikilvægt að nýta gögn Skólapúlsins og vaka yfir því hver hagur skólastarfsins er og/eða getur verið af þeim umbótum sem unnar eru á grundvelli niðurstaðna. *Hagsmunaaðilar skólastarfsins eru hvattir til að fara yfir alla þætti, bæði þá sem koma vel út og þá sem ekki koma vel út, greina þá og skilgreina í samvinnu. Og þar sem niðurstöður gefa til kynna að betur megi fara að vinna skipulega að umbótum.*

## 1. Skólapúlsinn, Skólavogin og aðferðafræði þeirra

Skólapúlsinn, sem er gagnasafn Skólavogarinnar, var settur á laggirnar árið 2007 og hefur verið í stöðugri þróun síðan þá. Árið 2015 eru 125 skólar skráðir í Skólapúlsinn sem er matskerfi og nær til um 90% grunnskólanemenda á landinu (6.-10. bekk) en mismikil þátttaka er eftir skólum á því hvaða könnunum hver skóli tekur þátt í (nemenda-, foreldra- og/eða starfsmannakönnun).

Framkvæmdin er að hver þátttakandi (nemandi, foreldri, starfsmaður) er valinn eftir sérstöku kerfi ef um nemanda eða foreldri er að ræða. Hann fær aðgangslykil sem notandi slær inn þegar hann fer inn á heimasíðu Skólapúlsins, www.skolapulsinn.is. Þátttakandi svarar spurningum sem lúta að hans þætti í skólastarfinu eftir því hvort hann er starfsmaður, foreldri eða nemandi. Spurningarnar eru samdar af starfsfólki Skólapúlsins og þær hafa verið í stöðugri þróun síðan notkun á kerfinu hófst. Hver skóli getur valið að setja inn nokkrar aukaspurningar sem varða starf þess tiltekna skóla. Fyrir slíkt þarf að greiða sérstaklega. Bæjarfélög geta keypt aðgang að upplýsingum sinna skóla sem eru í Skólapúlsinum og heitir sá aðgangur Skólavogin til aðgreiningar frá Skólapúlsinum.

**Úrtak, spurningar, tími og tíðni kannana**

- Nemendur: Nemendur í 6.-10. bekk. Könnun er lögð fyrir tiltekinn fjölda nemenda á mánuði frá því í september til maí ár hvert. 125 skólar eru í samanburði Skólavogar.
- Foreldrar: 120 manna líkindaúrtak úr hópi foreldra allra barna í viðkomandi skóla. Könnun er lögð fyrir í febrúar ár hvert. 87 eru skólar í samanburði Skólavogar.
- Starfsfólk: Allir starfsmenn skóla með áherslu á kennara. Könnun er lögð fyrir í mars ár hvert. 66 skólar eru í samanburði Skólavogar.

Nemendur eru spurðir um líðan, virkni, sjálfsmynd, aðstöðu í skólanum og heima o.s.frv. Könnunin er frekar löng, það tekur u.þ.b. 20 mínútur að svara henni. Foreldrakannanir mæla viðhorf til náms og kennslu, velferðar nemenda, foreldrasamstarfs og heimastuðnings. Starfsmannakönnun er ætlað að mæla m.a. áhuga, stjórnun, vinnuaðstöðu, ímynd, samvinnu, einelti, kennsluaðferðir, starfsþróun o.fl. (Sjá sundurgreiningu á spurningum í viðauka.)

**Túlkun á niðurstöðum**

Kannanir á vegum Skólapúlsins eru skilgreindar sem megindlegar, það eru spurningalistar með ákveðnum svarmöguleikum. Niðurstöðurnar eiga að vera alhæfandi þannig að hægt sé að telja að niðurstöður úrtaksins gildi fyrir allt þýðið sem viðkomandi úrtak er tekið úr. Skólapúlsinn vill helst að svörun sé yfir 80% til að svör séu marktæk. Unnið er úr svörunum þótt þeim mörkum sé ekki náð. Þegar gögnin í Skólavoginni eru skoðuð þarf að hafa nokkra þætti í huga við túlkun þeirra. Svör sumra spurninga birtast á mælikvarða sem hefur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Við túlkun er viðmiðunarregla sú að munur upp á 0,5 stig er ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig eða meira telst mikill munur. Einnig eru svör gefin upp í prósentum og þýðir prósentan í flestum tilfellum hlutfall þeirra sem eru frekar eða mjög ánægðir eða líður frekar eða mjög vel. Í viðauka tvö, þrjú og fjögur sést hvernig spurningalistarnir eru byggðir upp.

Í Skólavoginni eru niðurstöður einstakra skóla bornar saman við landsmeðaltal Skólavogarinnar, sem ýmist er gefið upp á stöðluðum mælikvarða (0-10 þar sem 5 er meðaltalið) eða prósentum sem hafa enga ákveðna stöðlun. Rétt er að hafa í huga að einstaka skólar hafa fengið gefnar upp landstölur í Skólapúlsinum hjá sér. Þær töldur geta stangast á við þær tölur sem er að finna í þessari skýrslu og koma úr Skólavoginni. Skýringin á þessum mun felst í því að þrenns konar landsmeðaltal er að finna í Skólapúlsinum og fer það eftir því um hvaða skólastærð er að ræða hjá viðkomandi skóla. Þrjár skólastærðir eru skilgreindar í Skólapúlsinum, þ.e. skólar með 1.-7. bekk, skólar með undir 319 nemendum í 1.-10. bekk og skólar með yfir 319 nemendur í 1.-10. bekk. Allir grunnskólar Hafnarfjarðar falla undir síðastnefnda flokkinn og landstala þeirra í Skólapúlsinum sýnir eingöngu samanburð við þá skóla á landsvísu en ekki hina flokkana. Samanburður Skólavogarinnar í þessari skýrslu er hins vegar landsmeðaltal allra skólanna í Skólavoginni óháð skólastærðum. Þessi munur Skólavogar og Skólapúlsins hjá grunnskólunum í Hafnarfirði er ekki stórvægilegur en er mismunandi milli einstakra spurninga. Hann getur munað allt að einu prósenti eða 0,1-0,2 á staðlaða kvarðanum í langflestum tilvikum. Þetta á samt ekki að valda því að skólar í Hafnarfirði eigi í vanda með að vinna úr gögnum Skólapúlsins eða að þessi skýrsla dragi aðrar ályktanir um gögn Skólapúlsins en einstaka skólar geta gert enda lítill munur á þessum landsmeðaltölum Skólavogarinnar og Skólapúlsins.

## 2. Niðurstöður fyrir Hafnarfjörð og einstaka skóla

Í þessum kafla, meginkafla skýrslunnar, eru kynntar helstu niðurstöður hafnfirskra skóla í Skólapúlsinum eins og þær birtast í Skólavoginni. Markmiðið er að setja þær fram með skýrum hætti svo að sá sem les þær fái góða yfirsýn yfir niðurstöður. Teknir eru út nokkrir þættir sem skera sig úr í niðurstöðum hvers skóla og fjallað sérstaklega um þá, bæði þá sem teljast styrkleikar og þá sem gefa möguleika til skólaþróunar. Gerðar eru tillögur að umbótaþáttum fyrir einstaka skóla eftir því sem við á varðandi þætti sem vert er að skoða frekar. Það er þó fyrst og fremst verkefni skólanna að velja umbótaþætti og fylgja þeim eftir, enda þeir best í stakk búnir til þess. Það er þó mikilvægt að niðurstöðurnar séu skoðaðar vel, með gagnrýnum huga og að stjórnendur og starfsmenn taki þær alvarlega og keppist við að nýta niðurstöðurnar til umbóta og þróunar ekki síður en þeir sem hafa með skólamál sveitarfélagsins að gera.

Framsetningin er þannig að fyrst eru kynntar meðaltalsniðurstöður grunnskólanna (sjö talsins) sem bærinn rekur.[1] Í viðauka 1 eru niðurstöður einstaka skóla birtar og litamerktar af höfundum skýrslunnar með appelsínugulu, gulu og ljósgrænu. Viðmið er landsmeðaltal svara við hverri spurningu á skólaárinu 2014 til 2015. Litirnar eru notaðir til að skýra ákveðnar línur. Ljósgræni liturinn táknar að skólinn er vel yfir meðaltali Skólavogarinnar skólaárið 2014 til 2015 (+0,5 stig eða 5 prósentustig). Guli liturinn táknar að skólinn er allt að ± 0,49/4,9 prósentustig frá meðaltali Skólavogarinnar. Appelsínuguli liturinn merkir að skólinn er vel undir (-0,5 eða 5 prósentustig) meðaltali Skólavogarinnar. Tölulegar staðreyndir eru ekki litamerktar, enda ekki viðhorfaþættir sem hægt er að setja upp í samanburð.

Í sjálfu sér er ekki einhlítt að túlka niðurstöður eingöngu eftir því hvort þær eru undir eða yfir meðaltali þar sem slík flokkun heldur sjálfkrafa helmingi ofan meðaltals og helmingi fyrir neðan. Það er í sjálfu sér ekki viðmið um hvort hlutirnir séu í lagi eða ekki. En séu niðurstöður vel yfir meðaltali er samt álitið að um jákvæðan þátt sé að ræða og séu niðurstöður vel undir meðaltali að um neikvæðan þátt sé að ræða. Út frá því sjónarmiði er þessi greining unnin og hægt að halda því fram að slík útlistun sé ekki einhlít eins og áður sagði, en stöðluð spurningakönnun gefur ekki aðra möguleika. Á grunni þessa er reynt að fara varlega í að draga ályktanir sem byggjast á niðurstöðum Skólapúlsins.

[1] Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði er undanskilinn því ekki hafa verið gerðar kröfur til skólans að hann veiti sambærilegar upplýsingar um skólastarf sitt hér líkt og grunnskólar bæjarins – athugið einnig að flestir nemendur skólans eru of ungir til að taka þátt í nemendakönnun.

## 2.0 Hafnarfjörður

Grunnskólar Hafnarfjarðar eru sjö og börn á grunnskólaaldri með lögheimili í bænum voru 3.980 skólaárið 2014 til 2015. Um 94% þeirra eru í grunnskólum bæjarins. Önnur börn eru í grunnskólum annarra sveitarfélaga (þ.m.t. sérskólum eins og Klettaskóla í Reykjavík), Barnaskóla Hjallastefnunnar (Hafnarfjörður, Garðabær) eða öðrum sjálfstætt reknum skólum. Í grunnskólum bæjarins eru starfrækt nokkur sértæk námsúrræði í nánum tengslum við hið almenna skólastarf. Þetta eru sérdeild Lækjarskóla (1.-10. bekk), móttökudeild nýbúa í Lækjarskóla (5.-10. bekk), fjölgreinadeild Lækjarskóla (9.-10. bekk), sérdeild Öldutúnsskóla (8.-10. bekk) og sérdeild Setbergsskóla (1.-10. bekk) og teljast til nemenda viðkomandi grunnskóla. Elsti grunnskólinn hóf starfsemi árið 1877 (nú Lækjarskóli) og sá síðasti árið 2005 (Hraunvallaskóli).

Sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu er Magnús Baldursson.

| | **Samantekt á niðurstöðum - meðaltal Hafnarfjarðarbæjar** |
|---|---|
| **Nemendakönnun**<br><br>N = 1.706,<br>þ.e. 46% nemenda er úrtak könnunar og svarhlutfall er 91% (1554).<br>Viðmiðunarhópur er 115-125 grunnskólar. | Átján þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í eftirfarandi atriði. Bærinn er við meðaltal í öllum þáttunum, hvergi vel yfir og hvergi vel undir.<br>• ***Virkni***: Nemendur tjá virkni sína almennt við meðaltal Skóla-vogarinnar.<br>• ***Líðan***: Nemendur tjá líðan sína almennt við meðaltal Skólavogar-innar án þess að nokkur þáttur skeri sig úr. Tíðni eineltis er rétt yfir meðaltali; 11,8/10,5.<br>• ***Skóla- og bekkjarandi***: Nemendur tjá skóla- og bekkjaranda almennt við meðaltal Skólavogarinnar með þeirri undantekningu að svör þeirra mæla aga í kennslustundum við 4,7 stig, en meðaltal Skólavogarinnar er 5,1 stig. Þetta er mesta frávik bæjarins frá meðaltali í nemendakönnuninni. |
| **Foreldrakönnun**<br><br>N = 850,<br>þ.e. foreldrar 22,6% nemenda er úrtak könnunar og svarhlutfall er 87,5% (744).<br><br>Viðmiðunarhópur er 87 grunnskólar. | Þrjátíu og fjórir þættir eru teknir saman úr spurningum (tveimur fleiri en í samantekt skólanna: þ.e. 13.12 Notkun á mötuneyti og 13.13. Ástæður þess að nemendur noti ekki mötuneyti) og flokkuð í eftirfarandi fimm atriði. Bærinn er vel undir meðaltali í 5 þáttum, þ.e. 0,5 stigum undir meðaltali Skólavogarinnar. Í öðrum þáttum telst bærinn við meðaltal.<br>• ***Nám og kennsla***: Foreldrar tjá viðhorf til náms og kennslu við meðaltal Skólavogarinnar án þess að nokkur þáttur skeri sig úr.<br>• ***Velferð nemenda***: Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu eineltismála mælist um 5% prósentustigi undir meðaltali Skólavogarinnar. Annað er við meðaltal.<br>• ***Aðstaða og þjónusta***: Foreldrar tjá aðstöðu og þjónustu að hluta til við meðaltal og að hluta til undir meðaltali Skólavogarinnar. Ánægja með aðstöðu í skólanum er 4,5/5,0. Notkun á mötuneyti (hádegisverður) mælist töluvert fyrir neðan meðaltal Skóla-vogarinnar 73,1%/85,4%. |

| | |
|---|---|
| | • ***Foreldrasamstarf***: Foreldrar tjá foreldrasamstarf almennt við meðaltal Skólavogarinnar utan áhrif þeirra á ákvarðanir varðandi nemendur 73,81%/85,4% sem er vel undir meðaltali.<br>• ***Heimastuðningur***: Foreldrar tjá heimastuðning almennt við meðaltal án þess að nokkur þáttur skeri sig úr. |
| **Starfsmannakönnun**<br><br>N = 532,<br>þ.e. allir starfsmenn eru úrtak könnunar og svarhlutfall er 86,9% (436).<br><br>Viðmiðunarhópur er 66 grunnskólar. | Tuttugu og sex þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í eftirfarandi sex atriði. Bærinn er vel undir meðaltali Skólavogarinnar í 4 þáttum, þ.e. 0,5 stigum/5 prósentustigum. Í öðrum þáttum er bærinn við meðaltal.<br>• ***Allir starfsmenn***: Starfsmenn tjá viðhorf sín almennt við meðaltal Skólavogarinnar. Starfsmenn segja gagnsemi starfsmannaviðtala minni (75%) en meðaltal Skólavogarinnar (82,6%) og er það vel undir meðaltali. Tíðni áreitis meðal starfsfólks grunnskólanna mælist 20,9% en meðaltal Skólavogarinnar er 17%.<br>• ***Viðhorf til skólans***: Starfsmenn tjá viðhorf til skólans almennt við meðaltal fyrir utan starfsaðstöðu í skólanum (4,6) sem er vel undir meðaltali Skólavogarinnar (5,1).<br>• ***Kennarastarfið***: Ánægja kennara með starf sitt er undir meðaltali Skólavogarinnar (4,9/5,3). Annað er að mestu við meðaltal Skólavogarinnar.<br>• ***Starfsumhverfi kennara***: Starfsmenn tjá starfsumhverfi sitt almennt verra en meðaltal Skólavogarinnar. Nokkur atriði eru sýnu lægst; stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika 4,3/4,9 og hegðunarerfiðleika 4,7/5,1. Valddreifing við ákvarðanatöku er 4,4 en meðaltal Skólavogar er 4,8. Vinnuaðstæður sínar telja kennarar, annað árið í röð, ekki góðar eða 4,5 sem er vel undir meðaltali Skólavogarinnar (5,1).<br>• ***Mat og endurgjöf***: Starfsmenn tjá mat og endurgjöf almennt við meðaltal Skólavogarinnar. Umfang mats og endurgjafar kemur undir meðaltali Skólavogarinnar 57,8%/62%, en nýting þess yfir meðal-talinu (5,1/4,7).<br>• ***Símenntun***: Símenntun kennara í dögum er 13,2/12,3. Mikið bil er á milli skóla í fjölda símenntunardaga en það er allt frá 8,5 að 18. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun er rétt undir meðaltali Skólavogarinnar eða 57,5% á móti 61,8%. |

**Samantekt og ábendingar**

Niðurstöður bæjarins eru að í nemendahlutanum eru fjórir af átján þáttum yfir meðaltali, um þriðjungur í foreldrakönnuninni en aðeins sex af 26 í starfsmannakönnuninni eru yfir meðaltali.

- Ánægja kennara með starf sitt mælist undir meðallagi (4,9/5,3) og er bærinn í 15. sæti af 17. Það er áskorun fyrir skólana og bæinn sem heild að greina í hverju óánægja liggur og leita leiða til úrbóta.
- Vinnuaðstæður kennara mælast vel undir meðaltali og tengist vafalaust líðan og ánægju þeirra með starfið sitt. Þetta er viðfangsefni sem bærinn þarf áfram að fást við í heild sinni.
- Áreitni meðal starfsfólks þarf að greina og leita umbóta, en umfang þess mælist yfir meðaltali Skólavogarinnar (20,9%/17,0%).
- Starfsfólk í grunnskólum bæjarins metur stuðning í starfsumhverfi sínu lítinn, þ.e. vinnuaðstæður sem og stuðning varðandi nemendur með náms- og hegðunar-erfiðleika**.** Þannig mælast viðhorf kennara í Hafnarfirði meðal 25% lægstu sveitarfélaga í Skólavoginni í fimm spurningum af átta sem snúa að þessum þætti starfsins.
- Gagnsemi starfsmannaviðtala er metin lág (75%/82,5%).
- Notkun á mötuneytum nemenda er lítil miðað við önnur sveitarfélög. Bærinn er í 17. sæti af 17 mögulegum.
- Foreldrar telja sig ekki hafa nægilegt áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur. Hafnarfjarðarbær er í 15. sæti af 17 mögulegum.
- Varðandi aga í kennslustundum er mat nemenda þannig að bærinn lendir í 32. sæti af 41 mögulegu.
- Foreldrar eru ekki ánægðir með hraða á úrvinnslu á eineltismálum eða 54,4% og er sveitarfélagið í 11. sæti af 17. Þegar skoðað er meðaltímabil eineltis að mati foreldra þá er það 1,3 ár sem er tími sem þarf að stytta verulega þó svo að meðaltal Skólavogarinnar sé hið sama þar.

**Breytingar í Skólapúlsinum núna í ljósi sjónarmiða sem komu fram fyrir ári síðan:**

**1. Vinnuaðstæður í skólunum**

Viðhorf foreldra í Hafnarfirði til vinnuaðstæðna í skólanum voru vel undir meðaltali skólaárið 2013-2014 og eru það áfram þetta árið (2014-2015). Mat kennara til vinnuaðstöðu sinnar er einnig áfram vel undir meðaltali Skólavogarinnar. Sveitarfélagið er í 15. sæti Skólavogarinnar af 16 mögulegum.

**2. Símenntun kennara**

Kennarar í bænum telja sig sinna símenntun yfir meðaltali Skólavogarinnar en segjast þrátt fyrir það hafa þörf fyrir álíka símenntun og aðrir og er mat þeirra svipað nú og fyrir ári.

**3. Stuðningur í starfsumhverfi starfsmanna skólanna**

Skólaárið 2013-2014 mældist viðhorf kennara í Hafnarfirði meðal 25% lægstu sveitarfélaga í Skólavoginni í fimm spurningum af átta sem snúa að þessum þætti starfsins. Mat þeirra er hið sama áfram og er bærinn í 13. til 15. sæti af 16 í fimm spurningum af átta.

## 2.1 Áslandsskóli

Áslandsskóli er í Áslandslandshverfinu Hafnarfirði. Skólinn tók til starfa árið 2001 og fyrsta starfsárið var hann einkarekinn hverfisskóli en haustið 2002 tók Hafnarfjarðarbær við rekstri skólans. Skólaárið 2014-2015 voru nemendur skólans 527 eða um 21% af íbúum hverfisins. Áætlað er að skólaárið 2015-2016 verði nemendur nálægt 540.

Skólastjóri: Leifur S. Garðarsson.

Aðstoðarskólastjóri: Unnur Elva Guðmundsdóttir.



| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Nemendakönnun**<br><br>N = 252, nemendur í 6. til 10. bekk, 48% nemenda skólans. 231 nemandi svaraði og er það 91,6% þátttaka.<br><br>Viðmiðunarhópur er 115-125 grunnskólar. | Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í 9 (50%) þáttum. Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 9 þáttum (50%), þ.e. í engu tilviki undir meðaltali í þeim 18 samantektarþáttum Skólavogarinnar sem könnunin nær yfir og er skipt í eftirfarandi flokka:<br>• ***Virkni***: Nemendur telja sig almennt vera virka í náminu og sýna því áhuga. Þrautseigja í námi, ánægja af náttúrufræði og trú á eigin námsgetu mælast hæst í grunnskólum Hafnarfjarðar.<br>• ***Líðan***: Nemendur svara jákvætt um alla þætti sem snúa að líðan í skólanum. Stjórn á eigin lífi og vellíðan mælast hæst í Hafnarfirði. Hreyfing mælist einnig hæst. Einelti og tíðni eineltis mælast lægst í grunnskólum Hafnarfjarðar.<br>• ***Skóla- og bekkjarandi***: Nemendur tjá sig almennt jákvæða gagnvart starfinu í skólanum miðað við meðaltal Skólavogarinnar. Samband við kennara, agi og virk þátttaka í kennslustundum mælist hæst í bænum. |
| **Foreldrakönnun**<br><br>N = 122<br>Foreldrar 22% nemenda er úrtak. Svarhlutfall er 93,4% (114). | Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í 6 (19%) þáttum. Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 20 þáttum (62%) og í 6 tilvikum (19%) 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 32 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf og er skipt í eftirfarandi flokka (undanskildar í útreikningi eru hreinar tölulegar staðreyndir sem foreldrar eru spurðir um):<br>• ***Nám og kennsla***: Viðhorf foreldra til náms og kennslu í skólanum er við meðaltal að undanskildu því að 90,9% foreldra telja hæfilegan aga í skólanum og er það langhæsta hlutfall skóla bæjarins. |

| | |
|---|---|
| Viðmiðunarhópur er 87 grunnskólar. | • ***Velferð nemenda***: Allir þættir innan marka þess að teljast til meðaltals Skólavogarinnar.<br>• ***Aðstaða og þjónusta***: Foreldrar eru ánægðir með máltíðir í mötuneyti og er notkun á mötuneyti skólans hæst í grunnskólum bæjarins eða 90,8%. Ánægja þeirra með sérkennsluna mælist vel yfir meðaltali Skólavogarinnar. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum er mun minni en í Skólavoginni 3,9/5,0 (skólinn/Skólavogin hér framvegis í skýrslunni). Hlufall þeirra foreldra sem eru í samstarfi um einstaklingsáætlun er 40% og með því lægsta í grunnskólum Hafnarfjarðar. Hlutfall nemenda sem fá sérkennslu og eru með einstaklingsáætlun er lágt eða 22,7% á móti 28,7% í Skólavoginni.<br>• ***Foreldrasamstarf***: Foreldrar eru ánægðir með þátttöku sína í gerð námsáætlana með nemendum (59,4%/54,2%). Tvennt sker sig úr í þessum flokki en það er hversu mikil áhrif foreldrar telja sig hafa á ákvarðanir varðandi nemendur, en 41,7%/54,5% eru ánægðir með það og 76,8%/82,6% eru ánægðir með heimasíðu skólans. Hvort tveggja vel undir meðaltali Skólavogarinnar.<br>• ***Heimastuðningur***: Væntingar foreldra til menntunarstigs barna sinna mælist hæst af skólum bæjarins og er töluvert hærra en meðaltal Skólavogarinnar (88,8%/79,7%). Foreldrar telja sig veita börnum sínum góðan námsstuðning, en afstaða til þess hvort heimavinna sé hæfileg mælist vel undir meðaltali Skólavogarinnar (66,3%/72,4%). |
| **Starfsmannakönnun**<br><br>N = 71<br>Allir starfsmenn eru úrtak og svarhlutfall er 85,9% (61).<br><br>Viðmiðunarhópur er 66 grunnskólar. | Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í 5 (19%) þáttum. Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 17 þáttum (66%) og í 4 tilvikum (15%) 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 26 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi flokka (undanskildar í útreikningi eru hreinar tölulegar staðreyndir sem koma fram í svörum starfsmanna):<br>• ***Allir starfsmenn***: Starfsmenn tjá starfsánægju innan marka meðaltals Skólavogarinnar. Tíðni eineltis meðal starfsfólks mælist lang minnst (5%) meðal grunnskóla Hafnarfjarðar (11%) og einnig miðað við meðaltal Skólavogarinnar (12,6%).<br>• ***Viðhorf til skólans***: Starfsmenn tjá viðhorf til skólans við meðaltal Skólavogarinnar. Starfsaðstaða mælist 5,3/5,0 sem er mesta ánægja meðal skólanna í Hafnarfirði og töluvert yfir meðaltali bæjarins sem er 4,6.<br>• ***Kennarastarfið***: Kennarar tjá viðhorf til sín sjálfs og eigin kennslu við meðaltal Skólavogarinnar.<br>• ***Starfsumhverfi kennara***: Kennarar telja stuðning sem þeir fá vegna nemenda í náms- og hegðunarerfiðleikum almennt vera meira en meðaltal Skólavogarinnar og heilu stigi yfir meðaltali bæjarins varðandi stuðning vegna námserfiðleika. Samráð um kennslu er vel yfir meðaltali 5,6/5,1. Kennarar telja vinnuaðstæður við meðaltal 5,2 en |

| | |
|---|---|
| | þó hærra en meðaltal Hafnarfjarðar sem er 4,5. Faglegur stuðningur skólastjóra og valddreifing við ákvarðanatöku er undir meðaltali Skólavogarinnar, 4,4/4,9.<br>• ***Mat og endurgjöf***: Kennarar telja umfang mats og endurgjafar við meðaltal en mat og endurgjöf á störf sín frá stjórnendum vel undir meðaltali (29%/47%) og gagnsemi þess vel undir meðaltali. Aftur á móti telja þeir sanngirni og nýtingu á niðurstöðum kennaramats yfir meðaltali .<br>• ***Símenntun***: Kennarar telja sig fá mikla símenntun, 16,4 dagar, en þörfin fyrir meiri símenntun er við meðaltal 5,8/5,4. |

**Samantekt og ábendingar**

Nemendahlutinn er í lang flestum tilvikum yfir meðaltali Skólavogarinnar og bæjarskólanna. Í starfsmannahlutanum er helmingur þátta yfir meðaltali og í foreldrahlutanum ríflega þriðjungur. Í ljósi þeirra niðurstaðna sem hefur verið lýst eru hér ábendingar um atriði sem þarf að greina og skoða frekar í skólanum:

- Mat og endurgjöf kennara á störf sín frá stjórnendum og gagnsemi mats og endurgjafar.
- Faglegur stuðningur skólastjóra og valddreifing við ákvarðanatöku.
- Vefsíða skólans.
- Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur.
- Umfang heimanáms nemenda.

**Breytingar í Skólapúlsinum núna í ljósi sjónarmiða sem komu fram fyrir ári síðan:**

1. ***Vinnuaðstæður í skólanum***

Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum var vel undir meðaltali sl. skólaár; 3,6, en mælist nú 3,9. Kennarar meta vinnuaðstæður sínar nú 5,2, var 4,6 og starfsmenn almennt starfsaðstöðu sína 5,3 en það var 4,1 síðast og meðaltal Skólavogarinnar er nú 5,0.

2. **Kennsluhættir**

Áhersla á bekkjarkennslu mælist 27,3% og er við meðaltal, einstaklingsmiðun og sjálfstæð einstaklingsvinna er vel undir Skólavoginni en vel yfir meðaltali Hafnarfjarðarbæjar. Mat foreldra á hæfilegri þyngd námsefnis telst innan marka meðaltals.

3. ***Tíðni eineltis að mati nemenda og foreldra***

Jákvæðar breytingar hafa orðið hvað varðar tíðni eineltis meðal nemenda sem mældist 14,3% síðasta skólaár og er nú 5,6% að mati nemenda, meðaltal Skólavogarinnar er 10,5% og bæjarins 11,8%. Einelti mælist einnig lágt. Nemendur meta sömuleiðis vellíðan (5,1) sína í skólanum vel yfir meðaltali Skólavogarinnar (4,6) og bæjarins (4,6). Aftur á móti er mat foreldra að einelti sé 18,9% sem er rétt yfir meðaltali Skólavogarinnar.

## 2.2 Hraunvallaskóli

Hraunvallaskóli er staðsettur á Völlunum í Hafnarfirði og er yngsti skóli bæjarins. Hann tók til starfa árið 2005 í bráðabirgðahúsnæði og flutti í nýja skólabyggingu árið 2008. Þar eru starfandi bæði leik- og grunnskóli. Skólaárið 2014-2015 voru 809 nemendur eða um 21% af íbúum hverfisins. Áætlað er að skólaárið 2015-2016 verði grunnskólanemendur nær 880.

Skólastjóri: Lars Jóhann Imsland Hilmarsson.
Aðstoðarskólastjóri: Guðrún Sturlaugsdóttir.



| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Nemendakönnun**<br><br>N = 350, nemendur í 6. til 10. bekk, 48% nemenda skólans. 312 nemendur svöruðu og er það 89% þátttaka.<br><br>Viðmiðunarhópur er 115-125 grunnskólar. | Skólinn er ekki í neinum þætti 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali Skólavogarinnar. Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 15 þáttum (83%) og í 3 tilvikum undir meðaltali (17%) í þeim 18 samantektarþáttum Skólavogarinnar sem könnunin nær yfir og er skipt í eftirfarandi flokka:<br>• ***Virkni***: Ánægja af lestri mælist 4,6/5,1. Áhuga sinn á náttúrufræðum segja nemendur lágan (4,3/4,9).<br>• ***Líðan***: Nemendur tjá líðan í flestum tilvikum við meðaltal Skólavogarinnar en rétt undir hvað varðar stjórn á eigin lífi (4,8/5,0). Einelti mælist meira en meðaltal Skólavogarinnar (5,6/5,3).<br>• ***Skóla- og bekkjarandi***: Nemendur telja skóla- og bekkjaranda almennt við meðaltal Skólavogarinnar að undanskildu því að þeir segja aga í kennslustundum minni en meðaltal Skólavogarinnar (4,6/5,1). |
| **Foreldrakönnun**<br><br>N = 121<br>Foreldrar 22% nemenda er úrtak.<br>Svarhlutfall er 90% (109). | Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í 3 (9%) þáttum. Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 26 þáttum (82%) og í 3 tilvikum (9%) 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 32 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf. Þessum þáttum er skipt í eftirfarandi flokka (undanskildar í útreikningi eru hreinar tölulegar staðreyndir sem foreldrar eru spurðir um):<br>• ***Nám og kennsla***: Viðhorf foreldra til náms og kennslu mælast við meðaltal Skólavogarinnar að undanskildum tveimur þáttum. Þyngd námsefnis segja 91,9% foreldra vera hæfilega og er hæsta hlutfall |

| | |
|---|---|
| Viðmiðunarhópur er 87 grunnskólar. | skólanna í Hafnarfirði. 73,7% foreldra eru ánægðir með aga í skólanum sem er vel undir meðaltali Skólavogarinnar.<br>• ***Velferð nemenda***: Foreldrar tjá sig almennt jákvætt um velferð barna sinna sem mælist við meðaltal Skólavogarinnar. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans er yfir meðaltali (82,1%) en telja umfang eineltis yfir meðaltali Skólavogarinnar (78,9%).<br>• ***Aðstaða og þjónusta***: Foreldrar telja þjónustu skólans við meðaltal Skólavogarinnar. Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklings-áætlun er undir meðaltali. Samstarf við foreldra um gerð einstaklings-áætlana er töluvert undir meðaltali Skólavogarinnar (42,9%/62,5%).<br>• ***Foreldrasamstarf***: Ánægja foreldra með síðasta foreldraviðtal er 99,0% sem er hæst skóla bæjarins. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi mælist undir meðaltali 4,5/4,9 og þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar nemenda er 49% á móti 54,2% Skólavogarinnar.<br>• ***Heimastuðningur***: Foreldrar telja heimastuðning almennt við meðaltal Skólavogarinnar. |
| **Starfsmannakönnun**<br><br>N = 106<br>Allir starfsmenn eru úrtak og svarhlutfall er 89,6% (95).<br><br>Viðmiðunarhópur er 66 grunnskólar. | Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í 1 þætti (4%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 12 þáttum (46%) og í 13 tilvikum (50%) 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í 26 samantektarþáttum Skólavogarinnar sem skipt er í eftirfarandi flokka (undanskildar í útreikningi eru hreinar tölulegar staðreyndir sem koma fram í svörum starfsmanna):<br>• ***Allir starfsmenn***: Aðeins 55,1% starfsmanna segjast hafa farið í starfsmannaviðtal undanfarið ár og gagnsemi þeirra segja þeir vera töluvert undir meðaltali. Tíðni áreitni er töluvert há miðað við meðaltal Skólavogarinnar (25,3%/17%) og einelti mælist 16,5%/12,6%.<br>• ***Viðhorf til skólans***: Starfsmenn tjá sig töluvert undir meðaltali Skóla-vogarinnar í öllum þeim þáttum sem varða viðhorf til skólans; starfs-andi, starfsánægja, stjórnun skólans, upplýsingastreymi og starfs-aðstaða.<br>• ***Kennarastarfið***: Trú á eigin getu og upplýsingar til foreldra mælast við meðaltal Skólavogarinnar en ánægja kennara með starf sitt er undir meðaltalinu (4,8/5,3).<br>• ***Starfsumhverfi kennara***: Varðandi starfsumhverfið tjá þeir sjónarmið í 5 af 8 atriðum við meðaltal. Skólavogarinnar. Faglegur stuðningur skóla-stjóra við kennara er 4,1/4,9 og valddreifing við ákvarðanatöku 3,5/4,8 mælist með því lægsta í grunnskólum Hafnarfjarðar. Vinnuaðstæður sínar segja kennarar vera lakari en í Skólavoginni almennt (4,5/5,1).<br>• ***Mat og endurgjöf***: Sanngirni og gagnsemi endurgjafar er við meðaltal Skólavogarinnar en nýting á kennaramati er yfir meðaltalinu (5,2/4,7). Ánægja með umfang mats og endurgjafar mælist 54% á móti 62% í Skólavoginni sem er vel undir meðaltalinu. Með hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum eru 42,2% ánægðir með á móti 47% í Skólavoginni. |

| | |
|---|---|
| | • ***Símenntun***: Fjöldi daga í símenntun er við meðaltal en símenntunarþörfin er metin minni en meðaltal Skólavogarinnar (4,9/5,4). |

**Samantekt og ábendingar**

Niðurstöður í heild sýna að rúmlega helmingur matsþátta í foreldrakönnun er yfir meðaltali Skólavogarinnar. Flestir þeirra þátta sem eru undir meðaltali varða starfsmenn/kennara og snúa að líðan og aðstæðum þeirra. Í nemendakönnun eru 5 af 18 atriðum yfir meðaltali. Í ljósi þeirra niðurstaðna sem hefur verið lýst eru hér ábendingar um atriði sem þarf að greina og skoða frekar í skólanum:

- Stjórnun, starfsaðstæður og vellíðan starfsmanna/kennara almennt.
- Ánægja nemenda af lestri.
- Ánægja nemenda af náttúrufræði.
- Virkni nemenda í kennslustundum.
- Agi í skólanum/kennslustundum að mati foreldra og nemenda.

**Breytingar í Skólapúlsinum núna í ljósi sjónarmiða sem komu fram fyrir ári síðan:**

***1. Nám og kennsla***

Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum var undir meðaltali Skólavogarinnar sl. ár eða 4,7/4,9. En er nú við meðaltal Skólavogarinnar og bæjarins (5,2).

***2. Viðhorf starfsmanna til skólans***

Viðhorf til skólans mældust undir meðaltali Skólavogarinnar í öllum þáttum sl. ár. Enn er skólinn vel undir meðaltali í öllum þáttum þessa flokks. Starfsánægja mælist 4,3, Skólavogin 5,1 og bærinn 5,0. Starfsandi mælist 4,0, í Skólavoginni 5,1 og bærinn 4,5. Stjórnun og upplýsingastreymi eru einnig vel undir meðaltali Skólavogarinnar.

***3. Starfsumhverfi og mat og endurgjöf***

Í flokknum *starfsumhverfi* og *mat og endurgjöf* í starfsmannakönnun sl. ár komu fram þau viðhorf kennara að starfsumhverfið í Hraunvallaskóla var undir meðaltali Skólavogarinnar í öllum tilvikum nema einu (samráð um kennslu). Þar koma þættirnir „faglegur stuðningur skólastjóra við kennara“, „hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum“ og „valddreifing við ákvarðanatöku“ lægst út í grunnskólum Hafnarfjarðar. Skólinn er áfram vel undir meðaltali: Faglegur stuðningur skólastjóra mælist 4,1, Skólavogin 4,9 og bærinn 4,7. Hæfilegt mat og endurgjöf: Skólinn 42,2%, Skólavogin 47,0% og bærinn 45,3%.

***4. Vinnuaðstæður í skólanum***

Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum var rétt undir meðaltali sl. skólaár 4,7/5,1, og mælist nú 4,8/5,0. Kennarar meta vinnuaðstæður sínar nú 4,5 sem er við meðaltal bæjarins en vel undir Skólavoginni sem er 5,1, var sl. ár 4,4/5,0. Starfsmenn almennt meta starfsaðstöðu sína nú 4,3, meðaltal Skólavogarinnar er 5,0 og bæjarins 4,6. Skólaárið 2014-2015 er mat starfsmanna 3,9. Það er töluvert undir meðaltali Skólavogarinnar sem er 4,7 og bæjarins 4,1.

## 2.3 Hvaleyrarskóli

Hvaleyrarskóli þjónustar börn á Holtinu í Hafnarfirði. Skólinn tók til starfa árið 1990 og var síðasti áfangi skólabyggingarinnar tekinn í notkun árið 2004. Skólaárið 2014-2015 voru nemendur 400 eða um 18% af íbúum hverfisins. Áætlað er að skólaárið 2015-2016 verði nemendur við skólann nálægt 420.

Skólastjóri: Helgi Arnarson.
Aðstoðarskólastjóri: Marsibil Ólafsdóttir.



| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Nemendakönnun**<br><br>N = 192, nemendur í 6. til 10. bekk, 48% nemenda skólans. 165 nemendur svöruðu og er það 86% þátttaka.<br><br>Viðmiðunarhópur er 115-125 grunnskólar. | Skólinn ekki í neinum þætti 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali. Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 11 þáttum (61%) og í 7 tilvikum undir meðaltali (39%) í þeim 18 samantektarþáttum Skólavogarinnar sem könnunin nær yfir og er skipt í eftirfarandi flokka:<br>• ***Virkni***: Nemendur tjá virkni sína minni en meðaltal Skólavogarinnar. Ánægja af lestri, stærðfræði og náttúrufræði er með því lægsta í skólum Hafnarfjarðar.<br>• ***Líðan***: Nemendur tjá líðan sína við meðaltal Skólavogarinnar í 5 af 7 þáttum. Tíðni eineltis telja þeir vera 17,7% sem er töluvert hærra en Skólavogin (10,5%) og mataræði þeirra mælist 4,5 á móti 5,1 í Skóla-voginni.<br>• ***Skóla- og bekkjarandi***: Nemendur tjá skóla- og bekkjaranda við meðal-tal Skólavogarinnar að undanskildu því að þeir telja aga í kennslu-stundum vel undir meðaltali Skólavogarinnar (4,3/5,1) og samband sitt við kennara mælist 4,8 á móti 5,5 í Skólavoginni. |
| **Foreldrakönnun**<br><br>N = 124<br>Foreldrar 31% nemenda er úrtak. Svarhlutfall er 81,5% (101). | Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í 4 (13%) þáttum. Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 18 þáttum (56%) og í 10 tilvikum (31%) 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í 32 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi flokka (undanskildar í útreikningi eru hreinar tölulegar staðreyndir sem foreldrar eru spurðir um):<br>• ***Nám og kennsla***: Foreldrar tjá ánægju með stjórnun skólans 96,4%. Aðrir þættir um nám og kennslu eru nálægt meðaltali Skólavogarinnar |

| | |
|---|---|
| Viðmiðunarhópur er 87 grunnskólar. | að undanskildu því að 74,4% telja hæfilegan aga í skólanum sem er undir meðaltali Skólavogarinnar.<br>• ***Velferð nemenda***: Ánægja með samskipti starfsfólks og nemenda mælist 5,0 á móti 4,8 í Skólavoginni. Mat þeirra á líðan nemenda í skólanum almennt er rétt undir meðaltalinu en ánægja með eineltisáætlun (73,3%/78,9%), hraða á úrvinnslu (40%/59,5%) og úrvinnslu þess málaflokks (56,5%/62,5%) mælist vel undir meðaltali Skólavogarinnar.<br>• ***Aðstaða og þjónusta***: Foreldrar tjá aðstöðu í skólanum undir meðaltali Skólavogarinnar 4,6/5,0. Þeir sem eru ánægðir með máltíðir í mötuneyti eru 66,2% en meðaltal Skólavogarinnar er 72,6%. Foreldrar segja aðeins 18,2% nemenda sem eru í sérkennslu hafa einstaklingsáætlun en hlutfall þeirra foreldra þar sem samvinna um áætlunina er 83,3% á móti 62,5% í Skólavoginni. 80% foreldra eru ánægðir með sérkennsluna/stuðninginn í skólanum og er það lægsta hlutfallið meðal skólanna í bænum.<br>• ***Foreldrasamstarf***: Foreldrar eru ánægðir með hversu vel þeir eru upplýstir um stefnu og skólanámskrá sem mælist hæst í skólum bæjarins. Þeir eru ánægðir með síðasta foreldraviðtal – mælist aðeins yfir meðaltali. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur (43,8%) og þátttaka foreldra í gerð námsáætlana með nemandanum (48,7%) eru undir meðaltali Skólavogarinnar.<br>• ***Heimastuðningur***: Það eru 66,7% foreldra sem segjast aðstoða börn sín í 15 mín. eða lengur daglega og þeir sem telja heimavinnu hæfilega eru 61,2% og mælist lægst í Hafnarfirði. Væntingar foreldra til menntunarstigs barna sinna mælist 68,9% og er töluvert undir meðaltali Skólavogarinnar og er einnig lægst fyrir skólana í Hafnarfirði. |
| **Starfsmannakönnun**<br><br>N = 64,<br>Allir starfsmenn eru úrtak og svarhlutfall er 64% (41).<br><br>Viðmiðunarhópur er 66 grunnskólar. | Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í 11 (42%) þáttum. Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltal í 13 þáttum (50%) og í 2 tilvikum (8%) 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 26 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem skipt er í eftirfarandi flokka (undanskildar í útreikningi eru hreinar tölulegar staðreyndir sem koma fram í svörum starfsmanna):<br>• ***Allir starfsmenn***: 71,8% svarenda segja að þeir hafi farið í starfs-mannaviðtal. Gagnsemi þess (65,4%) mælist undir meðaltali Skólavogarinnar. Starfsmenn telja tíðni áreitni vera 18,4% á móti 17% í Skólavoginni og tíðni einelti mælist 10,5%/12,6%.<br>• ***Viðhorf til skólans***: Starfsmenn tjá jákvæð viðhorf til skólans. Allir þættirnir eru hæstir í grunnskólum Hafnarfjarðar. Sérstaklega ber að nefna starfsanda innan skólans sem mælist 5,9 og stjórnun skólans mælist 6,1.<br>• ***Kennarastarfið***: Kennarar tjá ánægju með kennarastarfið rétt yfir meðaltali og er það hæsta í Hafnarfirði. |

| | |
|---|---|
| | • ***Starfsumhverfi kennara***: Kennarar tjá almenna ánægju með starfs-umhverfi sitt. Faglegur stuðningur skólastjóra (5,5/4,9) og valddreifing við ákvarðanatöku (5,5/4,8) mælist vel yfir meðaltali Skólavogarinnar. Kennar telja sig þurfa meiri stuðning við nemendur með náms- og hegðunarerfiðleika.<br>• ***Mat og endurgjöf***: Kennarar telja sanngirni mats og endurgjafar gott 100%, gagnsemi 92,3% en umfang þess 52,0% mælist töluvert minna en meðaltal Skólavogarinnar. Þeir tjá nýtingu á niðurstöðum kennaramats það hæsta í grunnskólum Hafnarfjarðar (5,9).<br>• ***Símenntun***: Telja sig fá töluverða símenntun 13,8 dagar og þörf fyrir símenntun er rétt yfir meðaltali Skólavogarinnar (5,6/5,4). |

**Samantekt og ábendingar**

Niðurstöður starfsmannakönnunar kemur mjög vel út miðað við meðaltal Skólavogarinnar en skólinn er þar yfir meðaltali í lang flestum tilvikum. Mikil starfsánægja ríkir meðal starfsmanna skólans. Niðurstöður nemendakönnunar sýna að aðeins eitt af 18 atriðum eru yfir meðaltali Skólavogarinnar og ástæða til að setja málefni þeirra í forgang greiningar á stöðu og umbótavinnu í kjölfarið. Í ljósi þeirra niðurstaðna sem hefur verið lýst eru hér ábendingar um atriði sem þarf að greina og skoða frekar í skólanum og taka til hugsanlegrar umbótavinnu:

- Áhugi nemenda á lestri, stærðfræði og náttúrufræði.
- Þrautseigja nemenda í námi.
- Notkun á mötuneyti nemenda (hádegismatur).
- Tíðni eineltis meðal nemenda og úrvinnsla þeirra.
- Agi í kennslustundum og skólanum.
- Umfang heimavinnu.
- Einstaklingsáætlanir fyrir nemendur sem fá sérkennslu.

**Breytingar í Skólapúlsinum núna í ljósi sjónarmiða sem komu fram fyrir ári síðan:**

***1. Starfsánægja***

Starfsandi og starfsánægja starfsfólks er áfram sú hæsta sem mælist í bænum.

***2. Ánægja nemenda af lestri, stærðfræði og náttúrufræði***

Mældist frekar lágt miðað við meðaltal Skólavogarinnar og enn er skólinn undir meðaltali í þessum þáttum, þau lægstu sem mælast í grunnskólum bæjarins.

**3. Tíðni eineltis meðal nemenda**

Tíðni eineltis að mati nemenda mældist töluvert yfir landsmeðaltali Skólavogarinnar sl. ár og áfram er sú tala há (17,7%) á móti Skólavoginni (10,5%) og og bænum (11,8%).

***4. Heimavinna nemenda***

Nemendur mátu sl. ár mikilvægi heimavinnu í náminu lágt og er svo áfram, það lægsta sem mælist í bænum.

***5. Mötuneyti nemenda***

Bæði ánægja með mötuneyti skólans og notkun á mötuneytinu voru undir meðaltali sl. ár. Nú mælist ánægja foreldra með mötuneyti 66,2%, Skólavogin 72,6% og bærinn 70,3%. Notkun á mötuneyti er vel undir meðaltali Skólavogarinnar (79,8%/85,4%) en yfir meðaltali bæjarins sem er 73,1%.

***6. Mat og endurgjöf***

Umfang mats og endurgjafar mátu kennarar lægra en meðaltal Skólavogarinnar og enn er sá þáttur töluvert lægra en meðaltal Skólavogarinnar (52%/62%). Þessi þáttur sker sig úr þessum flokki þar sem allir aðrir þættir eru vel yfir meðaltali.

***7. Vinnuaðstæður í skólanum***

Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum var rétt undir meðaltali sl. skólaár 4,9/5,1, og mælist nú aðeins lægri (4,6) á meðan meðaltal Skólavogarinnar er 5,0 og bæjarins 4,5. Kennarar meta vinnuaðstæður sínar nú 4,7 sem er undir Skólavoginni sem er 5,1 en var sl. ár 4,6/5,0. Starfsmenn almennt meta starfsaðstöðu sína nú 4,8, meðaltal Skólavogarinnar er 5,0 og bæjarins 4,6. Sl. skólaár var mat starfsmanna 4,7, það sama og meðaltal Skólavogarinnar en meðaltal bæjarins var þá 4,1.

## 2.4 Lækjarskóli

Lækjarskóli, sem hét áður Barnaskóli Hafnarfjarðar og þar á undan Barnaskóli Garðahrepps, er skólinn sem sinnir stórum hluta miðbæjar Hafnarfjarðar. Skólinn á sér samfellda sögu frá árinu 1877 og er elsti skólinn í Hafnarfirði. Skólinn heldur utan um þrjú sérúrræði fyrir Hafnarfjörð; deild fyrir nemendur með þroskahamlanir (1.-10. bekkur), móttökudeild fyrir erlenda/ tvítyngda nemendur (5.-10. bekkur) og fjölgreinanám fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Skólaárið 2014-2015 voru nemendur 502 eða um 20% af íbúum hverfisins. Áætlaður fjöldi fyrir skólaárið 2015-2016 eru um 520 nemendur.

Skólastjóri: Haraldur Haraldsson.
Aðstoðarskólastjóri: Arna Björný Arnardóttir.





| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Nemendakönnun**<br><br>N = 131, nemendur í 6. til 10. bekk, 26% nemenda skólans. 79 nemendur svöruðu og er það 60,3% þátttaka.<br><br>Viðmiðunarhópur er 115-125 grunnskólar. | Skólinn er ekki í neinum þætti 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali. Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 10 þáttum (60%) og í 8 tilvikum undir meðaltali (40%) í þeim 18 samantektarþáttum Skólavogarinnar sem könnunin nær yfir og er skipt í eftirfarandi flokka:<br>• ***Virkni***: Áhugi á stærðfræði er rétt yfir meðaltali Skólavogarinnar. Ánægja af náttúrufræði, trú á eigin námsgetu og eigin vinnubrögðum er aðeins undir meðaltali. Ánægja af lestri (4,5/5,1) og þrautseigja í námi (5,1/5,6) eru undir meðaltali.<br>• ***Líðan***: Nemendur tjá líðan sína undir meðaltali Skólavogarinnar (4,1/4,6) og mælist sjálfsálit 4,4/5,0 og stjórn á eigin lífi 4,6/5,0 sem mælist lægst í grunnskólum Hafnarfjarðar. Einelti mælist vel yfir meðaltali Skólavogarinnar (6,4/5,3) og tíðni eineltis (20,5%/10,5%) og er það hæsta sem mælist í skólum bæjarins.<br>• ***Skóla- og bekkjarandi***: Nemendur tjá skóla- og bekkjaranda við eða rétt undir meðaltali Skólavogarinnar. Agi í kennslustundum mælist 4,5/5,1 að mati nemenda sem er undir meðaltali Skólavogarinnar. |
| **Foreldrakönnun** | Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í 2 (6%) þáttum. Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 20 þáttum (63%) |

| | |
|---|---|
| N = 121<br>Foreldrar 24% nemenda er úrtak. Svarhlutfall er 81,8% (99)<br><br>Viðmiðunarhópur er 87 grunnskólar. | og í 10 tilvikum (31%) 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í 32 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi flokka (undanskildar í útreikningi eru hreinar tölulegar staðreyndir sem foreldrar eru spurðir um):<br>• ***Nám og kennsla***: Foreldrar tjá viðhorf til náms og kennslu almennt lægra en meðaltal Skólavogarinnar. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra telst nálægt meðaltali (77,2%/78,6) og ánægja með stjórnun skólans sömuleiðis (92,4/91,2%).<br>• ***Velferð nemenda***: Umfang eineltis telja foreldrar yfir meðaltali Skólavogarinnar (19,8%/16,4%). Ánægja með eineltisáætlun skólans mælist 70,8%, úrvinnsla skólans á eineltismálum 50% og ánægja með hraða á úrvinnslu mála mælist 45,5%. Allir þrír þættirnir eru töluvert fyrir neðan meðaltal Skólavogarinnar.<br>• ***Aðstaða og þjónusta***: Hlutfall foreldra sem eru í samstarfi um einstaklingsáætlun er 85,7% sem er töluvert yfir meðaltali. Ánægja foreldra með sérkennsluna/stuðninginn er rétt ofan við meðaltal. Foreldrar telja aðstöðu í skólanum yfir meðaltali (5,3/5,0) og mælist þar hæst í grunnskólum bæjarins. Ánægja með mötuneyti er minni en meðaltal Skólavogarinnar (67,7%/72,6%).<br>• ***Foreldrasamstarf***: Foreldrar tjá viðhorf til foreldrasamstarfs almennt við eða rétt undir meðaltali Skólavogarinnar. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur mælast rétt yfir meðaltalinu. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi mælist 4,6/4,9 og ánægja með vefsíðu skólans 79,8%/83,6% og er lægra en meðaltal Skólavogarinnar. 70% foreldra telja sig upplýsta um stefnu og námskrá skólans sem er lægst í grunnskólum bæjarins.<br>• ***Heimastuðningur***: Foreldrar telja sig virka í námi barna sinna og mælist tími sem þeir verja til stuðnings heimanámi töluvert hærra en meðaltal Skólavogarinnar 60,5/51,9. Trú á eigin getu til að hjálpa barninu með námið er við meðaltal Skólavogarinnar. Heimavinnu telja 75,6% vera hæfilega sem er rétt yfir meðaltalinu. |
| **Starfsmannakönnun**<br><br>N =81<br>Allir starfsmenn eru úrtak og svarhlutfall er 81,5% (66).<br><br>Viðmiðunarhópur er 66 grunnskólar. | Skólinn er ekki í neinum þætti 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali. Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 12 þáttum (46%) og í 14 tilvikum (54%) 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í 26 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem skipt er í eftirfarandi flokka (undanskildar í útreikningi eru hreinar tölulegar staðreyndir sem koma fram í svörum starfsmanna):<br>• ***Allir starfsmenn***: 67,7% starfsmanna segja að þeir hafi farið í starfs-mannaviðtöl undanfarið ár sem er rétt yfir meðaltali Skólavogarinnar og 56,8% telja gagnsemi af þeim á móti 82,5% í Skólavoginni. Áreitni meðal starfsfólks mælist 21,5%/17% og tíðni eineltis í meðal starfsmanna 15,6%/12,6%.<br>• ***Viðhorf til skólans***: Starfsánægja mælist við meðaltal Skólavogarinnar. En í öðrum þáttum mælist viðhorf starfsmanna til skólans töluvert undir |

| | |
|---|---|
| | meðaltali Skólavogarinnar. Starfsandi mælist 4,6/5,1 sem er vel undir meðaltalinu. Stjórnun mælist vel undir meðaltali Skólavogarinnar eða 3,9/4,9. Upplýsingastreymi í skólanum mælist 3,7/4,9 sem er það lægsta grunnskóla Hafnarfjarðar. Starfsaðstaða mælist 4,8/5,0 og því nálægt meðaltali Skólavogarinnar.<br>• ***Kennarastarfið***: Ánægja með kennarastarfið mælist 4,5/5,3. Aðrir þættir mælast við meðaltal Skólavogarinnar.<br>• ***Starfsumhverfi kennara***: Kennarar telja sig ekki fá nægilegan stuðning vegna nemenda með náms- og hegðunarörðugleika. Faglegur stuðningur skólastjóra mælist 4,0/4,9. Valddreifing við ákvarðanatöku mælist 3,6/4,8 og virk samvinna um skólaþróun og umbætur 3,7/4,8 og mælast því töluvert undir meðaltali Skólavogarinnar.<br>• ***Mat og endurgjöf***: Kennarar telja mat og endurgjöf almennt undir meðaltali Skólavogarinnar. Þeir tjá gagnsemi mats og endurgjafar 77,8%/88,1% og er það lægsta í grunnskólum Hafnarfjarðar. Sanngirni mats og endurgjafar skorar hæst í þessum flokki m.v. meðaltal 89,7%/90,2%.<br>• ***Símenntun***: Kennarar segja meðalfjölda daga í símenntun vera lægastan í grunnskólum Hafnarfjarðar (8,5) og símenntunarþörf þeirra er yfir meðaltali Skólavogarinnar (5,7/5,4). |

**Samantekt og ábendingar**

Í foreldrakönnun er um þriðjungur svara yfir meðaltali Skólavogarinnar. Í starfsmannakönnun eru tveir af 26 yfir meðaltali. Niðurstöður nemendakönnunar eru að tvö af 18 atriðum eru yfir meðaltali Skólavogarinnar og ástæða til að setja málefni þeirra í forgang í greiningu á stöðu og umbótavinnu í kjölfarið. Í ljósi þeirra niðurstaðna sem hefur verið lýst eru hér ábendingar um atriði sem þarf að greina og skoða frekar í skólanum og taka til hugsanlegrar umbótavinnu:

- Faglegur stuðningur við kennara og stuðningur við nemendur í erfiðleikum.
- Starfsandi, stjórnun og upplýsingastreymi.
- Ánægja nemenda af lestri og þrautseigja í námi.
- Áhugi á náttúrufræði, sjálfsálit og trú nemenda á eigin námsgetu.
- Eineltismál í nemendahópnum og úrvinnsla þeirra.
- Agi í kennslustundum.
- Notkun á mötuneyti nemenda (hádegisverður).

**Breytingar í Skólapúlsinum núna í ljósi sjónarmiða sem komu fram fyrir ári síðan:**

***1. Líðan nemenda***

Nemendur tjáðu þættina sjálfsálit, stjórn á eigin lífi og vellíðan undir meðaltali Skólavogarinnar 2013-2014 og er svo áfram 2014-2015. Í þessum flokki er tíðni eineltis sem

mælist vel yfir meðaltali Skólavogarinnar eða 20,5% og er hæst innan bæjarins. Meðaltal Skólavogarinnar er 10,5%.

***2. Heimavinna nemenda***

Nemendur meta mikilvægi heimavinnu í náminu undir meðaltali Skólavogarinnar og þá lægstu í grunnskólum Hafnarfjarðar skólaárið 2013-2014, en mælist í ár við meðaltal Skólavogarinnar.

***3. Nám og kennsla – viðhorf foreldra***

Foreldrar tjáðu ánægju sína með nám og kennslu þá lægstu í grunnskólum Hafnarfjarðar skólaárið 2013-2014. Allir þeir þættir sem voru undir þessum flokki eru við meðaltal Skólavogarinnar í ár.

***4. Starfsumhverfi kennara***

Í þáttum sem snúa að starfsumhverfi starfsfólks skólans komu fram sjónarmið sem voru undir meðaltali Skólavogarinnar skólaárið 2013-2014. Í þessum flokki eru allir þættir áfram undir meðaltali Skólavogarinnar í ár.

***5. Viðhorf til skólans***

Í ýmsum þáttum sem snúa að viðhorfum starfsfólks til skólans mældust sjónarmið þess lág miðað við meðaltal Skólavogarinnar skólaárið 2013-2014 og stundum vel fyrir neðan, s.s. varðandi upplýsingastreymi í skólanum, starfsanda meðal starfsfólks og stjórnun skólans. Í þessum flokki eru allir þættir undir meðaltali Skólavogarinnar í ár nema starfsánægja sem mælist við meðaltal hennar (5,1/5,1).

## 2.5 Setbergsskóli

Setbergsskóla sækja nemendur úr Setbergshverfinu í Hafnarfirði. Skólinn tók til starfa árið 1989 og hefur nemendum skólans fækkað með árunum. Þegar flest var, voru yfir 800 nemendur í skólanum en skólaárið 2014-2015 voru þeir um 400 eða um 12% af íbúum hverfisins. Skólinn heldur utan um yngsta sérúrræði bæjarins í grunnskólunum, einhverfudeild (1.-10. bk.). Áætlað er að nemendur verði um 400 skólaárið 2015-2016.

Skólastjóri: María Pálmadóttir.
Aðstoðarskólastjóri: Sif Stefánsdóttir.





| | Samantekt á niðurstöðum |
|---|---|
| **Nemendakönnun**<br><br><br>N = 206, nemendur í 6. til 10. bekk, 52%% nemenda skólans. 194 nemendur svöruðu og er það 94% þátttaka.<br><br>Viðmiðunarhópur er 115-125 grunnskólar. | Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í 5 tilvikum (28%). Hann er við, rétt undir eða yfir meðaltal í 13 þáttum (72%) og enginn þáttur er fyrir neðan meðaltal í þeim 18 samantektarþáttum Skólavogarinnar sem könnunin nær yfir og er skipt í eftirfarandi flokka:<br>• ***Virkni***: Nemendur telja sig almennt virka í náminu miðað við meðaltal Skólavogarinnar. Þrautseigja í námi mælist 6,0/5,6 og trú á eigin vinnubrögðum 5,4/5,0 eru þeir þættir sem eru hæstir fyrir ofan meðaltalið.<br>• ***Líðan***: Nemendur telja líðan almennt góða miðað við meðaltal Skóla-vogarinnar. Sjálfsálit, vellíðan, stjórn þeirra á eigin lífi mælast 5,6 sem er vel yfir meðaltalinu. Tíðni eineltis er 5,7/10,5 og einelti 4,8/5,3 og eru með því bæði það lægsta sem mælist í grunnskólum bæjarins.<br>• ***Skóla- og bekkjarandi***: Nemendur tjá tvo þætti rétt yfir meðaltali Skólavogarinnar, þ.e. samsömun við nemendahópinn og mikilvægi heimavinnu. |
| **Foreldrakönnun**<br>N = 120 | Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í 4 (12%) þáttum, við, undir eða rétt yfir meðaltali í 25 þáttum (78%) og í 3 tilvikum |

| | |
|---|---|
| Foreldrar 30% nemenda er úrtak. Svarhlutfall er 88,3% (106)<br><br>Viðmiðunarhópur er 87 grunnskólar. | (10%) 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 32 samantektar-þáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi flokka (undanskildar í útreikningi eru hreinar tölulegar staðreyndir sem foreldrar eru spurðir um):<br>• ***Nám og kennsla***: Viðhorf foreldra til náms og kennslu í skólanum er við meðaltal Skólavogarinnar og engin þáttur sem sker sig úr.<br>• ***Velferð nemenda***: Tveir þættir skera sig úr. Umfang eineltis telja foreldrar vera töluvert minna en meðaltal Skólavogarinnar (9,6%/16,4%) og ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu eineltismála mælist hæst af grunnskólum bæjarins (72,2%/59,5%). Aðrir þættir eru innan marka þess að teljast til meðaltals Skólavogarinnar.<br>• ***Aðstaða og þjónusta***: Hlutfall nemenda sem eru í sérkennslu og hafa einstaklingsáætlun er töluvert yfir meðaltali (42,3%/28,7%). Einungis 66,7% foreldra eru ánægðir með máltíðir í mötuneyti og er notkun á mötuneyti einnig töluvert undir meðaltali (74,5%/85,4%). Aðrir þættir mælast við meðaltal Skólavogarinnar.<br>• ***Foreldrasamstarf***: Allir þættir nema einn eru við eða rétt við meðaltal Skólavogarinnar. 44,4% foreldra eru ánægðir með áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur sem er töluvert undir meðaltali Skólavogarinnar sem er 54,5%.<br>• ***Heimastuðningur***: Væntingar foreldra til menntunarstigs barna sinna mælist næst hæst af skólum bæjarins og er vel yfir meðaltali Skóla-vogarinnar (85,1%/79,7%). Afstaða til þess hvort heimavinna sé hæfileg mælist undir meðaltali Skólavogarinnar( 69,1%/72,4%) og 44,5% foreldra segjast verja 15 mín. eða meira á dag til aðstoðar við heima-nám barna sinna en meðaltal Skólavogarinnar er 51,9%. |
| **Starfsmannakönnun**<br><br>N = 60<br>Allir starfsmenn eru úrtak og svarhlutfall er 85% (51).<br><br>Viðmiðunarhópur er 66 grunnskólar. | Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í 5 (19%) þáttum, við, undir eða rétt yfir meðaltali í 16 þáttum (62%) og í 5 tilvikum (19%) 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 26 samantektar-þáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi flokka (undanskildar í útreikningi eru hreinar tölulegar staðreyndir sem koma fram í svörum starfsmanna):<br>• ***Allir starfsmenn***: Tíðni eineltis meðal starfsmanna mælist 6,2% á móti 12,6% í meðaltali Skólavogarinnar sem er töluverður munur. Aðrir þættir eru við eða rétt við meðaltal Skólavogarinnar.<br>• ***Viðhorf til skólans***: Viðhorf til skólans er almennt rétt ofan við meðaltal að undanteknu því að starfsmenn meta starfsaðstöðu skólans 4,4 sem er vel undir meðaltali Skólavogarinnar sem er 5,0.<br>• ***Kennarastarfið***: Einn þáttur sker sig úr en það er ánægja með kennara-starfið sem mælist vel undir meðaltali 4,7/5,3. Annað er við meðaltal Skólavogarinnar.<br>• ***Starfsumhverfi kennara***: Samráð um kennslu mælist vel yfir meðaltali 5,8/5,1. Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika |

| | |
|---|---|
| | mælist 4,2/4,9 og vinnuaðstæður kennara 4,5/5,1. Hvort tveggja mælast vel undir meðaltali Skólavogarinnar.<br>• ***Mat og endurgjöf***: Kennarar tjá mat og endurgjöf almennt fyrir ofan meðaltal Skólavogarinnar. Umfang mats og endurgjafar( 53,3%) mælist þó vel undir meðaltali Skólavogarinnar (62,0%). Aftur á móti segja 58,6% hæfilegt mat og endurgjöf vera frá stjórnendum og nýting á niðurstöðum kennaramats vera 5,8/4,7, sem er hvort tveggja vel yfir meðaltali Skólavogarinnar.<br>• ***Símenntun***: Símenntunardagar eru 18 sem er hæst skólanna og starfsmenn segja símenntunarþörf sína vera vel yfir meðaltali (5,9/5,4). |

**Samantekt og ábendingar**

Nemendahlutinn er í langflestum tilvikum yfir meðaltali Skólavogarinnar og með því hæsta meðal bæjarskólanna. Í starfsmannahlutanum er ríflega helmingur þátta yfir meðaltali og í foreldrahlutanum ríflega þriðjungur. Í ljósi þeirra niðurstaðna sem hefur verið lýst eru hér ábendingar um atriði sem þarf að greina og skoða frekar í skólanum:

- Ánægja kennara með starf sitt.
- Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika.
- Vinnuaðstæður kennara/starfsaðstaða í skólanum.
- Umfang mats og endurgjafar.
- Notkun á mötuneyti nemenda (hádegisverður).

**Breytingar í Skólapúlsinum núna í ljósi sjónarmiða sem komu fram fyrir ári síðan:**

***1. Virkni nemenda í kennslustundum***

Nemendur mátu virkni sína í tímum lægri en meðaltal Skólavogarinnar skólaárið 2013-2014. Mælist nú rétt undir meðaltali Skólavogarinnar og við meðaltal bæjarins.

***2. Starfsmannaviðtöl***

Starfsmenn sögðu starfsmannaviðtöl færri en meðaltal Skólavogarinnar skólaárið 2013-2014 og að gagnsemi þeirra væri einnig undir meðaltali. Í ár eru 65,3% starfsmanna sem hafa farið í viðtal og meðaltal Skólavogarinnar er 65,7% og bæjarins 64,3%. Starfsmenn meta gagnsemi þeirra nú meiri. 85,2% telja þau gagnleg sem er yfir meðaltali Skólavogarinnar 82,5% og töluvert yfir meðaltali bæjarins sem er 75%.

***3. Vinnuaðstaða í skólanum***

Vinnuaðstaða í skólanum var talin þurfa frekari skoðunar við að mati starfsfólks. Mat starfsfólks á starfsaðstöðu er í ár vel undir meðaltali Skólavogarinnar 4,4/5,0. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum er við meðaltal. Vinnuaðstæður sínar töldu kennarar vel undir meðaltali Skólavogarinnar síðasta ár og svo er einnig nú.

## 2.6 Víðistaðaskóli

Víðistaðaskóli er skólinn í norðurbæ Hafnarfjarðar. Skólinn var stofnaður árið 1970 en árið 2010 sameinaðist hann Engidalsskóla. Nú er hluta 1.-4. bekkjar kennt í húsnæði sem áður hýsti Engidalsskóla svo skólinn hefur nú tvær starfsstöðvar; Engidal og Víðistaðatún. Skólaárið 2014-2015 voru nemendur í skólanum tæplega 663, um 19% af íbúum hverfisins. Áætlað er að skólaárið 2015-2016 verði nemendur nær 640.

Skólastjóri: Hrönn Bergþórsdóttir.
Aðstoðarskólastjórar: Anna Kristín Jóhannesdóttir og Anna María Skúladóttir.



Engidalur





Víðistaðatún

| | Samantekt á niðurstöðum |
|---|---|
| **Nemendakönnun**<br><br>N = 361, nemendur í 6. til 10. bekk, 54,4% nemenda skólans. 344 nemendur | Skólinn nær ekki í neinum þætti 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali. Hann er við, rétt undir eða yfir meðaltal í öllum tilvikum (100%) í þeim 18 samantektarþáttum Skólavogarinnar sem könnunin nær yfir og er skipt í eftirfarandi flokka:<br>• ***Virkni***: Nemendur tjá virkni sína almennt við eða rétt yfir meðaltal Skólavogarinnar án þess að nokkrir þættir skeri sig sérstaklega úr. |

| | |
|---|---|
| svöruðu og er það 95,2% þátttaka.<br><br>Viðmiðunarhópur er 115-125 grunnskólar. | • ***Líðan***: Nemendur tjá líðan sína almennt við eða rétt yfir meðaltal Skólavogarinnar. Einelti mælist 5,5 og tíðni eineltis 12,9% sem er rétt yfir meðaltali Skólavogarinnar í báðum tilvikum.<br>• ***Skóla- og bekkjarandi***: Nemendur tjá skóla og bekkjaranda almennt við eða undir meðaltali Skólavogarinnar. Mikilvægi heimavinnu mælist 5,5/5,1 eða rétt yfir meðaltalinu. |
| **Foreldrakönnun**<br><br>N = 120<br>Foreldrar 18% nemenda er úrtak. Svarhlutfall er 90% (108)<br><br>Viðmiðunarhópur er 87 grunnskólar. | Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í 5 (16%) þáttum, við eða rétt yfir meðaltal í 20 þáttum (62%) og í 7 tilvikum (22%) 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í 32 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í flokka (undanskildar í útreikningi eru hreinar tölulegar staðreyndir sem foreldrar eru spurðir um):<br>• ***Nám og kennsla***: Foreldrar tjá nám og kennslu almennt við eða rétt við meðaltal Skólavogarinnar. Ánægðja með stjórnun skólans sem er sú hæsta sem mælist í grunnskólum bæjarins (100%).<br>• ***Velferð nemenda***: Foreldrar telja umfang eineltis mun lægra en meðaltali Skólavogarinnar er, þ.e. 7,4%/16,4% sem er lægst lægst af skólunum í Hafnarfirði og ánægja með úrvinnslu skólans á eineltismálum 68,8/62,5 og eineltisáætlun hans 87,7%/78,9% mælast vel yfir meðaltali. Ánægja með hraða á úrvinnslu á eineltismálum 50,0%/59,5% og samskipti starfsfólks við nemendur 4,3/4,8 eru vel undir meðaltali.<br>• ***Aðstaða og þjónusta***: Ánægja foreldra með sérkennslu/stuðning er 84,0%/89,2% og hlutfall foreldra í samstarfi við gerð einstaklingsáætunar er vel undir meðaltali Skólavogarinnar (40%/62,5%). Ánægja með máltíðir í mötuneyti  mælist einnig vel undir meðaltalinu (62,5%/72,6%). Annað er við meðaltal Skólavogarinnar.<br>• ***Foreldrasamstarf***: Foreldrasamstarf mælist almennt rétt ofan við meðaltal Skólavogarinnar að undanskildu því að þátttaka í gerð námsáætlana er vel yfir meðaltali (63,2%/54,2%) og er hæst af grunnskólum bæjarins. Ánægja með áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur er vel undir meðaltali Skólavogarinnar (39,8%/54,5%).<br>• ***Heimastuðningur***: Hæfileg heimavinna að mati foreldra mælist rétt undir meðaltali Skólavogarinnar. 39,6% foreldra segjast verja 15 mín. á dag eða meira til aðstoðar við heimanám barna sinna en meðaltal Skólavogarinnar er 51,9%. Aðrir þættir eru við meðaltal Skólavogarinnar. |
| **Starfsmannakönnun**<br><br>N = 84<br>Allir starfsmenn eru úrtak og svarhlutfall er 85,7% (72). | Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í 1 (4%) þætti, við eða rétt yfir meðaltal í 14 þáttum (54%) og í 11 tilvikum (42%) 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í 26 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi flokka (undanskildar í útreikningi eru hreinar tölulegar staðreyndir sem koma fram í svörum starfsmanna):<br>• ***Allir starfsmenn***: Tíðni áreitni meðal starfsmanna mælist sú hæsta í grunnskólum bæjarins eða 28,6%. 58% starfsmanna segjast hafa farið í |

| | |
|---|---|
| Viðmiðunarhópur er 66 grunnskólar. | starfsmannaviðtöl sem er rétt undir meðaltali Skólavogarinnar en 82,9% segja að það sé gagn af þeim og er það við meðaltalið. Annað er einnig við meðaltalið.<br>• ***Viðhorf til skólans***: Starfsmenn tjá viðhorf til skólans almennt undir meðaltali Skólavogarinnar nema stjórnun skólans sem mælist yfir meðaltali. Starfsaðstaða mælist 4,2 vel undir meðaltali og er lægst í grunnskólum bæjarins. Upplýsingastreymi innan skólans mælist vel undir meðaltali Skólavogarinnar (4,4/4,9).<br>• ***Kennarastarfið***: Ánægja með kennarastarfið 4,5/5,3 og mælist því vel undir meðaltali. Aðrir þættir eru nálægt meðaltali Skólavogarinnar.<br>• ***Starfsumhverfi kennara***: Stuðningur við kennara vegna námserfiðleika nemenda mælist 3,5, hegðunarerfiðleika 4,1 og vinnuaðstæður kennara 3,9 sem mælist lægst í grunnskólum bæjarins. Annað mælist við meðaltal Skólavogarinnar.<br>• ***Mat og endurgjöf***: Ánægja með umfang mats og endurgjafar er vel undir meðaltali Skólavogarinnar en 52,4% kennara telja mat og endur-gjöf sé hæfilegt frá stjórnendum sem er vel yfir meðaltali.<br>• ***Símenntun***: Fjöldi símenntunardaga er 9,1 sem er vel undir meðaltali og símenntunarþörf kennara 4,9 er vel undir meðaltali Skólavogarinnar. |

**Samantekt og ábendingar**

Í nemendakönnun eru öll svör um eða yfir meðaltali Skólavogarinnar. Í foreldrakönnun er ríflega helmingur svara yfir meðaltali og lýsa allir foreldrar sem svara könnuninni (100%) því að þeir séu ánægðir með stjórnun skólans. Í starfsmannakönnun er tæplega þriðjungur yfir meðaltali. Í ljósi þeirra niðurstaðna sem hefur verið lýst eru hér ábendingar um atriði sem þarf að greina og skoða frekar í skólanum:

- Hraði á úrvinnslu eineltismála.
- Samskipti starfsfólks við nemendur.
- Þátttaka foreldra í gerð einstaklingsáætlunar og áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur.
- Notkun á mötuneyti nemenda.
- Áreitni meðal starfsfólks.
- Upplýsingastreymi innan skólans, starfsaðstaða og vinnuaðstæður kennara.
- Ánægja kennara með starfið sitt og umfang mats og endurgjafar.
- Samvinna um skólaþróun og umbætur.
- Stuðningur við kennara vegna nemenda með náms- og hegðunarerfiðleika.

**Breytingar í Skólapúlsinum núna í ljósi sjónarmiða sem komu fram fyrir ári síðan:**

***1. Einelti í nemendahópnum***

Nemendur töldu einelti (5,7) og tíðni eineltis (18,4%) vel fyrir ofan meðaltal Skólavogarinnar og það hæsta í grunnskólum Hafnarfjarðar á síðasta ári. Ásamt þessu tjáðu foreldrar ánægju

með úrvinnslu á eineltismálum undir meðaltali Skólavogarinnar. Í ár meta nemendur tíðni eineltis ekki eins hátt eða rétt yfir meðaltali Skólavogarinnar (12,9%/10,5%) og einelti𝑜 5,5/5,3. Foreldrar telja umfang eineltis (7,4%) mun lægra en meðaltal Skólavogarinnar sem er 16,4%. Ánægja foreldra með úrvinnslu eineltismála er yfir meðaltali, en hvað varðar hraðann á úrvinnslunni þá eru 50% ánægð með hann en bærinn 54,4% og Skólavogin 59,5%.

**_2. Starfsmannaviðtöl_**

Kennarar sögðu sl. ár að starfsmannasamtöl væru sjaldnar en meðaltal Skólavogarinnar og að gagnsemi þeirra væri einnig minni en meðaltalið. Í ár eru 58% starfsmanna sem hafa farið í viðtal sem er áfram vel undir meðaltali Skólavogarinnar sem er 65,7%. Starfsmenn meta gagnsemi þeirra nú meira. 82,9% telja þau gagnsöm sem er við meðaltal Skólavogarinnar (82,5%) og yfir meðaltali bæjarins sem er 75%.

**_3. Viðhorf til skólans_**

Starfsmenn tjáðu viðhorf til skólans að mestu undir meðaltali Skólavogarinnar sl. ár. Allir þættir eru enn undir meðaltali nema stjórnun skólans (5,2) sem mælist yfir meðaltali Skólavogarinnar (4,9) og bæjarins (4,8). Lægst í þessum flokki er upplýsingastreymi innan skólans sem mælist 4,4/4,9 og starfsaðstaða 4,2/5,0.

**_4. Starfsumhverfi kennara_**

Flokkurinn starfsumhverfi kennara mældist allur fyrir neðan meðaltal Skólavogarinnar sl. ár. Faglegur stuðningur skólastjóra og samráð um kennslu eru nú yfir meðaltali, aðrir þættir við eða undir meðaltali.

**_5. Vinnuaðstaða í skólanum_**

Þurfti frekari skoðunar við að mati starfsfólks sl. ár og er svo áfram. Mat kennara nú er 3,9 stig, meðaltal Skólavogarinnar er 5,1 og bæjarins 4,5. Starfsfólk almennt metur vinnuaðstæður sína einnig vel undir meðaltali 4,2/5,0.

## 2.7 Öldutúnsskóli

Öldutúnsskóli er næst elsti grunnskólinn í Hafnarfirði og sinnir hann hinum hluta miðbæjarins á móti Lækjarskóla, oft kallaður Suðurbærinn. Starfsemi skólans hófst árið 1961 og stækkaði skólinn gríðarlega hratt fyrstu árin og áratugina með auknum nemendafjölda en nemendum hefur fækkað talsvert á síðustu árum. Í Öldutúnsskóla er sérúrræði fyrir nemendur í 8.-10. bekk með vægan náms- og þroskavanda. Skólaárið 2014-2015 voru nemendur 486, um 14% af íbúum hverfisins. Áætlað er að skólaárið 2015-2016 nemendur verði rétt um 500.

Skólastjóri: Valdimar Víðisson.
Aðstoðarskólastjóri: Margrét Sverrisdóttir.



| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Nemendakönnun**<br><br>N =257, nemendur í 6. til 10. bekk, 52,9% nemenda skólans. 229 nemendur svöruðu og er það 89% þátttaka.<br><br>Viðmiðunarhópur er 115-125 grunnskólar. | Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í einum þætti (5%). Hann er við, rétt undir eða yfir meðaltali í 17 þáttum (95%) og í engum tilvikum undir 0,5 stigum/5 prósentustigum í þeim 18 samantektar-þáttum Skólavogarinnar sem könnunin nær yfir og er skipt í eftirfarandi flokka:<br>• ***Virkni***: Nemendur tjá virkni sína almennt við og rétt yfir meðaltal Skóla-vogarinnar. Ánægja af náttúrufræði mælist vel yfir meðaltali (5,4/4,9).<br>• ***Líðan***: Nemendur tjá líðan sína almennt við meðaltal Skólavogarinnar án þess að nokkur þáttur skeri sig úr.<br>• ***Skóla- og bekkjarandi***: Nemendur tjá skóla- og bekkjaranda að mestu við meðaltal Skólavogarinnar. |
| **Foreldrakönnun**<br><br>N = 122<br>Foreldrar 25% nemenda er úrtak.<br>Svarhlutfall er 87,7% | Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í 1 (3%) þætti, við eða rétt yfir meðaltal í 25 þáttum (78%) og í 6 tilvikum (19%) 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 32 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem skipt er í eftirfarandi flokka (undanskildar í útreikningi eru hreinar tölulegar staðreyndir sem koma fram í svörum foreldra): |

| | |
|---|---|
| (107)<br>Viðmiðunarhópur er 87 grunnskólar. | • ***Nám og kennsla***: Foreldrar telja nám og kennslu almennt við meðaltal Skólavogarinnar og enginn þáttur sem sker sig úr.<br>• ***Velferð nemenda***: Foreldrar telja velferð nemenda að mestu við eða rétt ofan við meðaltal Skólavogarinnar að undanskildum tveimur þáttum: Ánægja með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda mælist 82,6%/89,5 og með úrvinnslu á eineltismálum 50,0/59,5 og eru hvoru tveggja vel undir meðaltali.<br>• ***Aðstaða og þjónusta***: Foreldrar tjá aðstöðu og þjónustu undir meðaltali Skólavogarinnar að því undanskildu að 100% foreldra eru í samstarfi um einstaklingsáætlun fyrir börn sín. En aftur á móti segja 23,1% foreldra sem eiga börn sem njóta sérkennslu að þau hafi einstaklingsáætlun. Ánægja með aðstöðu í skólanum 3,6/5,0 mælist töluvert undir meðaltali Skólavogarinnar. Notkun mötuneytis mælist einnig undir meðaltali Skólavogarinnar (65,3%/85,4%). Hvort tveggja með því lægsta í bænum.<br>• ***Foreldrasamstarf***: Mælist almennt við meðaltal Skólavogarinnar. Ánægja með heimasíðu skólans mælist 86,3%/82,6% og kynning á stefnu og námskrá skólans mælast yfir meðaltali (77,6%/73,6%). Þátttaka foreldra í gerð námsáætlana mælist 44,1%/54,2% sem er töluvert undir meðaltali Skólavogarinnar.<br>• ***Heimastuðningur***: Foreldrar tjá þætti sem tengjast heimastuðningi almennt við eða undir meðaltali Skólavogarinnar. |
| **Starfsmannakönnun**<br><br>N =66<br>Allir starfsmenn eru úrtak og svarhlutfall er 75,8% (50).<br><br>Viðmiðunarhópur er 66 grunnskólar. | Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í 8 (30%) þáttum, við, rétt undir eða yfir meðaltali í 14 þáttum (54%) og í 4 tilvikum (16%) 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 26 samantektar-þáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem skipt er í eftirfarandi flokka (undanskildar í útreikningi eru hreinar tölulegar staðreyndir sem koma fram í svörum starfsmanna):<br>• ***Allir starfsmenn***: 70,8% starfsmanna hafa farið í starfsmannaviðtöl undanfarið ár og 92,9% segja þau hafa gagnsemi sem er lang hæst af grunnskólum bæjarins. Áreitni meðal starfsfólks mælist 10,4% og er vel undir meðaltali Skólavogarinnar (17%).<br>• ***Viðhorf til skólans***: Mælast innan marka meðaltals en upplýsinga-streymi innan skólans mælist hæst skólanna í bænum, 5,7/4,9.<br>• ***Kennarastarfið***: Mælast innan marka sem teljast til meðaltals Skóla-vogarinnar.<br>• ***Starfsumhverfi kennara***: Faglegur stuðningur skólastjóra mælist 5,5/4,9 sem er vel yfir meðaltali. Kennarar tjá starfsumhverfi sitt annnars almennt lakar en meðaltal Skólavogarinnar. Stuðningur kennara við nemendur með námserfiðleika mælist 3,7 og hegðunarörðugleika 4,5 sem mælast vel undir meðaltali Skólavogarinnar ásamt að samráði um kennslu (4,4) sem mælist lægst í grunnskólum Hafnarfjarðar (5,2). Vinnuaðstæðurkennara mælast einnig töluvert lakari en meðaltal Skólavogarinnar (4,0/5,1). |

| | |
|---|---|
| | • ***Mat og endurgjöf***: Þrír af fimm þáttum eru vel yfir meðaltali: Umfang mats og endurgjafar mælist 74,1%. Sanngirni mats mælist 100% og gagnsemi mats mælist 94,7% og er hæst skólanna í Hafnarfirði.<br>• ***Símenntun***: Fjöldi daga í símenntun er 16,4 sem er vel yfir meðaltali Skólavogarinnar (12,3). Símenntunarþörf er 5,9 á móti 5,4 í meðaltali Skólavogarinnar. |

**Samantekt og ábendingar**

Í nemendakönnun eru öll svör um eða yfir meðaltali Skólavogarinnar. Í foreldrakönnun er fjórðungur svara yfir meðaltali og í starfsmannakönnun tæplega helmingur yfir meðaltali. Í ljósi þeirra niðurstaðna sem hefur verið lýst, eru hér ábendingar um atriði sem þarf að greina og skoða frekar og taka til umbótavinnu:

- Stuðningur við kennara vegna nemenda með náms- og hegðunarerfiðleika.
- Samráð um kennslu.
- Úrvinnsla eineltismála.
- Starfsaðstaða og vinnuaðstæður kennara.
- Hlufall nemenda í sérkennslu með einstaklingsáætlun.

**Breytingar í Skólapúlsinum núna í ljósi sjónarmiða sem komu fram fyrir ári síðan:**

***1. Starfsumhverfi kennara***

Starfsfólk mat stuðning við kennara vegna nemenda með námserfiðleika og stuðning við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda og samráð um kennslu undir meðaltali Skólavogarinnar skólaárið 2013-2014 en þeir þættir eru undir meðaltali í ár sömuleiðis.

***2. Vinnuaðstæður í skólanum***

Aðstaða í skólanum er áfram metin vel undir meðaltali af kennurum/starfsfólki og foreldrum en þeir meta hana lægst allra skólanna í bænum (3,6/5,0) þar sem meðaltal bæjarins er 4,5.

## 3. Hvað svo?

Það er ekki einhlítt hvernig leggja skuli mat á niðurstöður viðhorfakannana og það er ekki einfaldara þótt um gögn sé að ræða frá fleiri en einum hagsmunahópi líkt og í tilviki Skólapúlsins (nemendur, foreldrar, starfsfólk skóla). Þó getur fjölgun upplýsingagjafa aukið möguleika á að draga fram skýrar niðurstöður, þ.e. ef samræmi er á milli aðila í viðhorfum. Samt er alltaf vandi fólginn í því að draga fram raunhæft mat á grundvelli afmarkaðra gagna því þau eru í sjálfu sér ekki veruleikinn, heldur aðeins svör við afmörkuðum og lokuðum spurningum sem eru skildar á persónulegan hátt og af takmörkuðum fjölda svarenda hverju sinni. Framsetning og úrvinnsla Skólavogarinnar á þó að tryggja að niðurstöðurnar verði sem marktækastar, þ.e. úrtakið endurspegli þýðið í heild sinni að því tilskildu að svarhlutfall sé hátt. Skólavogin er þannig í reynd áreiðanlegasta matstækið sem við höfum í dag til að mæla og meta viðhorf hagsmunaðila sem koma að skólastarfinu og fá raunhæfan samanburð (hinir skólarnir í Skólavoginni).

Framangreind samantekt á niðurstöðum Skólapúlsins fyrir hafnfirska grunnskóla og bæjarfélagið í heild sinni markast af framsetningunni. Í framhaldinu mun koma í ljós hvort þessi framsetning færir einstaka skólum og sveitarfélaginu upplýsingar sem nýtast til að fylgja eftir áherslum í skólastarfinu og stuðla að skólaþróun. Gögnin í Skólapúlsinum eru talin geta gefið vísbendingar um viðfangsefni og verkefni sem þörf er á að sinna núna til að efla skólastarfið og vinna að frekari skólaþróun í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Skólavogin, sem samantekt upplýsinga úr Skólapúlsinum, er útbúin sem verkfæri fyrir sveitarfélög til að fá raunhæf gögn um starfsemi sinna skóla. Markmiðið er að fá upplýsingar sem geti nýst til að meta starfsemi einstakra skóla og taka ákvarðanir til úrbóta á grunni trúverðugra gagna. Í þeim tilgangi er þessi skýrsla gerð með ábendingum í umbótaverkefni sem skólar/sveitarfélagið ættu að leggja áherslu á. Frá þeim sjónarhóli eru umbótaverkefni því bæði verkefni einstakra skóla og sveitarfélagsins. Þau eru þannig bæði hluti af ytra mati (sveitarfélags) og innra mati (grunnskóla). Skólavogsskýrslan 2014-2015 fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar færir bæði sveitarfélaginu og einstaka skólum verkefni eins og að framan er greint. Í kjölfarið tekur við umbótatími sem er eitt skólaár hið minnsta en einstök umbótaverkefni geta verið til fleiri skólaára. Það er Skólaskrifstofunnar að fylgja þeim eftir.

Þetta er í annað skipti sem umrædd samantekt er gerð á niðurstöðum Skólapúlsins fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar. Þegar búið er að gera slíka rannsókn oftar en einu sinni fæst samanburður – og þess heldur því oftar sem rannsókn fer fram á sama hátt. Slíkt gefur möguleika til að gera innbyrðis samanburð milli ára. Það færir skólum, og sveitarfélögum, tækifæri til að sjá hvort breytingar í niðurstöðum milli ára gefi til kynna hvort framfarir hafi orðið í þeim þáttum sem talið var æskilegt að sinna í umbótaferli. Að því leyti skiptir máli að halda föstum verkferlum í gangi líkt og árleg þátttaka í Skólapúlsinum færir og umbótaverkefni í framhaldi þeirra.

Meginatriði í framhaldi niðurstaðna Skólapúlsins/-vogarinnar og skýrslugerðarinnar eru:

1. Hver skóli gerir mats-, símenntunar- og umbóta- og þróunaráætlun sem hluti starfsáætlunar skólans. Sömuleiðis er það sveitarfélagsins að meta þörf fyrir frekari bjargir til skólastarfsins í heild sinni, þ.e. aðstæður sem eru sameiginlegar fyrir alla grunnskóla bækjarins
2. Skólaskrifstofan skoðar niðurstöður Skólapúlsins og leggur til sínar áherslur í mats-, símenntunar- og umbóta- og þróunaráætlun skólans (þessi skýrsla færir þær niðurstöður auk þess sem skólinn hafði áður fengið sjálfur um sig í Skólapúlsunum). Frekari umræða við einstaka skóla er síðan skoðaður.
3. Hver skóli yfirfer/endurskoðar eigin mats-, símenntunar- og umbóta- og þróunaráætlun (stefna, staða og væntanlegar aðgerðir) í ljósi þessarar skýrslu eins og þörf er á (form hefur verið hannað af Skólaskrifstofu í starfsáætlunarforminu).
4. Skóli kynnir mats-, símenntunar- og umbóta- og þróunaráætlun sína (starfsfólk, skólaráð, starfsáætlun/skólavefur).
5. Skóli vinnur að umbótaverkefnum yfir skólaárið.
6. Mælingar Skólapúlsins eru endurteknar að ári og staða metin á ný, þ.e. árangur umbótaverkefna með sérstöku tilliti til fyrri niðurstaðna Skólapúlsins.
7. Skólaskrifstofan fylgir eftir umbótaverkefnum og árangri þeirra í einstaka skólum.

Þetta er vinnuferli sem er í frekari mótun og þróun í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla (2011).

# Viðauki

# Viðauki 1: Samantekt kannana

## Nemendakönnun*

| | Áslandsskóli | Hraunvallaskóli | Hvaleyrarskóli | Lækjarskóli | Setbergsskóli | Víðistaðaskóli | Öldutúnsskóli | Hafnarfjörður | Sæti af 41 | Skólavogin (Landið allt) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Svarhlutfall (%) | **91,6** | **89,0** | **86,0** | **60,3** | **94,0** | **95,2** | **89,0** | **91,0** | **-** | **-** |
| **1. Virkni** | | | | | | | | | | |
| 1.1 Ánægja af lestri | 5,1 | 4,6 | 4,5 | 4,5 | 5,0 | 5,0 | 5,2 | 4,9 | 23 | 5,1 |
| 1.2 Þrautseigja í námi | 6,3 | 5,6 | 5,2 | 5,1 | 6,0 | 5,8 | 5,8 | 5,7 | 8 | 5,6 |
| 1.3 Áhugi á stærðfræði | 5,7 | 5,5 | 4,6 | 5,8 | 5,7 | 5,5 | 5,5 | 5,5 | 15 | 5,5 |
| 1.4 Ánægja af náttúrufræði | 5,6 | 4,3 | 4,0 | 4,6 | 4,7 | 5,2 | 5,4 | 4,8 | 21 | 4,9 |
| 1.5 Trú á eigin vinnu-brögðum í námi | 5,3 | 5,0 | 4,8 | 4,6 | 5,4 | 5,0 | 4,9 | 5,0 | 9 | 5,0 |
| 1.6 Trú á eigin námsgetu | 5,2 | 4,6 | 4,3 | 4,4 | 5,0 | 4,9 | 4,9 | 4,8 | 8 | 4,7 |
| **1. Líðan** | | | | | | | | | | |
| 2.1 Sjálfsálit | 5,5 | 5,0 | 4,7 | 4,4 | 5,6 | 5,0 | 5,0 | 5,0 | 14 | 5,0 |
| 2.2 Stjórn á eigin lífi | 5,7 | 4,8 | 4,7 | 4,6 | 5,6 | 5,0 | 5,0 | 5,0 | 12 | 5,0 |
| 2.3 Vellíðan | 5,7 | 4,8 | 4,7 | 4,1 | 5,6 | 5,0 | 5,0 | 4,6 | 17 | 4,6 |
| 2.4 Einelti** | 4,6 | 5,6 | 5,5 | 6,4 | 4,8 | 5,5 | 5,3 | 5,4 | 19 | 5,3 |
| 2.5 Tíðni eineltis (%)** | 5,6 | 10,7 | 17,7 | 20,5 | 5,7 | 12,9 | 10,6 | 11,8 | 17 | 10,5 |
| 2.6 Hreyfing (%) | 75,0 | 71,4 | 72,0 | 62,2 | 70,5 | 74,1 | 70,9 | 71,1 | 12 | 70,4 |
| 2.7 Mataræði | 5,3 | 5,0 | 4,5 | 5,3 | 5,1 | 5,2 | 5,4 | 5,1 | 8 | 5,0 |
| **3. Skóla- og bekkjarandi** | | | | | | | | | | |
| 3.1 Samsömun við nem.hóp | 5,3 | 4,9 | 4,6 | 4,7 | 5,3 | 5,0 | 5,0 | 5,0 | 13 | 4,9 |
| 3.2 Samband nemenda við kennara | 5,9 | 5,6 | 4,8 | 5,3 | 5,2 | 5,2 | 5,1 | 5,3 | 29 | 5,5 |
| 3.3 Agi í tímum | 5,2 | 4,6 | 4,3 | 4,5 | 5,0 | 4,8 | 4,9 | 4,7 | 32 | 5,1 |
| 3.4 Virk þáttt. nem. í tímum | 5,8 | 5,3 | 5,0 | 5,4 | 5,2 | 5,4 | 5,5 | 5,4 | 24 | 5,4 |
| 3.5 Mikilvægi heimavinnu í náminu | 5,1 | 4,9 | 4,7 | 5,0 | 5,3 | 5,5 | 5,2 | 5,1 | 14 | 5,1 |
| | | | | | | | | | | |
| **% (N)** | **50** | **0** | **0** | **0** | **28** | **0** | **5** | **0** | | |
| **% (N)** | **50** | **83** | **61** | **60** | **72** | **100** | **95** | **100** | | |
| **% (N)** | **0** | **17** | **39** | **40** | **0** | **0** | **0** | **0** | | |

* 1.554 svara af 1.706 nemendum í 1. til 6. bekk en þeir eru úrtakið og svarhlutfall þeirra er því 91%. Í grunnskólum Hafnarfjarðar eru alls 3.745 nemendur. Svarendur eru 41,5% ef reiknað er út frá öllum nemendum í 1.-10. bekkjum bæjarins.

** Hér eru gildi öfug miðað við önnur í töflunni – lág tala: betri niðurstöður. Hátt gildi þýðir meira einelti og lágt gildi minna einelti.

## Foreldrakönnun

| | Áslandsskóli | Hraunvallaskól | Hvaleyrarskóli | Lækjarskóli | Setbergsskóli | Víðistaðaskóli | Öldutúnsskóli | Hafnarfjörður | Sæti af 17 | Skólavogin (Landið allt) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Svarhlutfall (%) | **93,4** | **90,0** | **81,5** | **81,8** | **88,3** | **90,0** | **87,7** | **87,5** | **-** | **-** |
| **1. Nám og kennsla** | | | | | | | | | | |
| 1.1 Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum | 5,2 | 5,2 | 4,9 | 5,1 | 5,1 | 5,2 | 5,2 | 5,2 | 9 | 5,2 |
| 1.2 Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra | 4,8 | 5,1 | 5,0 | 4,9 | 4,9 | 4,8 | 4,9 | 4,9 | 12 | 5,0 |
| 1.3 Ánægja foreldra með stjórnun skólans (%) | 89,2 | 90,7 | 96,4 | 92,4 | 87,9 | 100 | 88,7 | 92,4 | 4 | 91,2 |
| 1.4 Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra (%) | 81,6 | 91,9 | 85,5 | 80,0 | 84,9 | 80,0 | 81,2 | 83,9 | 13 | 84,3 |
| 1.5 Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra (%) | 90,9 | 73,7 | 74,4 | 77,2 | 80,9 | 81,9 | 79,4 | 79,7 | 7 | 78,6 |
| 1.6 Hæfileg áhersla á námsmat með hefðb. prófum að mati foreldra (%) | 78,9 | 78,8 | 81,9 | 64,9 | 80,9 | 70,8 | 78,4 | 76,1 | 11 | 77,1 |
| 1.7 Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðb. próf að mati foreldra (%) | 80,4 | 81,4 | 82,5 | 58,6 | 69,0 | 71,7 | 79,8 | 75,2 | 12 | 77,2 |
| **2. Velferð nemenda** | | | | | | | | | | |
| 2.1 Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur | 4,8 | 5,0 | 5,0 | 4,7 | 4,5 | 4,3 | 4,6 | 4,7 | 11 | 4,8 |
| 2.2 Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nem. (%) | 84,8 | 92,8 | 89,2 | 86,1 | 87,0 | 87,8 | 82,6 | 87,5 | 13 | 89,5 |
| 2.3 Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt (%) | 92,9 | 96,0 | 91,8 | 95,1 | 93,7 | 96,9 | 92,8 | 94,5 | 4 | 93,2 |
| 2.4 Líðan nem í kennslustundum að mati for. almennt (%) | 93,9 | 93,9 | 88,2 | 91,5 | 92,6 | 93,7 | 89,7 | 92,2 | 11 | 93,0 |
| 2.5 Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt (%) | 88,9 | 88,8 | 85,9 | 86,4 | 88,3 | 93,7 | 87,6 | 88,8 | 10 | 89,4 |
| 2.6 Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra (%) * | 18,9 | 19,2 | 19,0 | 19,8 | 9,6 | 7,4 | 14,9 | 15,5 | 6 | 16,4 |
| 2.7 Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum (%) | 60,7 | 66,7 | 56,5 | 50,0 | 66,7 | 68,8 | 55,0 | 61,3 | 9 | 62,5 |
| 2.8 Ánægja foreldra m. hraða á úrvinnslu á eineltismálum (%) | 57,1 | 60,0 | 40,0 | 45,5 | 72,2 | 50,0 | 55,6 | 54,4 | 11 | 59,5 |
| 2.9 Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans (%) | 75,0 | 82,1 | 73,3 | 70,8 | 83,6 | 87,7 | 81,6 | 79,8 | 7 | 78,9 |
| 2.10 Meðaltímabil eineltis (ár) | 0,9 | 0,8 | 1,7 | 1,2 | 1,3 | 1,8 | 1,8 | 1,3 | 9 | 1,3 |

* Hér eru gildi öfug miðað við önnur í töflunni – lægri tala: betri niðurstöður. Hátt gildi þýðir meira einelti og lágt gildi minna einelti.

| | Áslandsskóli | Hraunvallaskóli | Hvaleyrarskóli | Lækjarskóli | Setbergsskóli | Víðistaðaskóli | Öldutúnsskóli | Hafnarfjörður | Sæti af 17 | Skólavogin (Landið allt) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **3. Aðstaða og þjónusta** | | | | | | | | | | |
| 3.1 Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum | 3,9 | 4,8 | 4,6 | 5,3 | 4,9 | 4,8 | 3,6 | 4,5 | 14 | 5,0 |
| 3.2 Ánægja foreldra með tóm-stundaþjónustu/frístundaheim. | 5,6 | 4,6 | 4,7 | 4,5 | 5,4 | 5,4 | 4,3 | 4,9 | **8** | 4,9 |
| 3.3 Hlutfall nem. í tómstunda-þjónustu/frístundaheimili (%) | 42,9 | 25,3 | 34,5 | 39,5 | 31,9 | 18,1 | 33,0 | 31,9 | 11 | 35,5 |
| 3.4 Ánægja foreldra með sér-kennsluna/stuðninginn (%) | 95,5 | 89,3 | 80,0 | 93,3 | 88,5 | 84,0 | 84,6 | 88,0 | 10 | 89,2 |
| 3.5 Hlutfall nemenda með sér-kennslu/stuðning í skóla (%) | 23,7 | 28,6 | 40,5 | 35,8 | 28,4 | 27,4 | 28,0 | 29,8 | 6 | 26,7 |
| 3.6 Tíðni sérk./stuðnings (%) | 77,3 | 75,0 | 66,7 | 80,0 | 80,8 | 73,1 | 72,0 | 74,9 | 8 | 74,4 |
| 3.7 Hlutfall nem. í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætl. (%) | 22,7 | 25,0 | 18,2 | 26,7 | 42,3 | 38,5 | 23,1 | 28,1 | 11 | 28,7 |
| 3.8 Hlutfall foreldra í samstarfi um einstaklingsáætlun (%) | 40,0 | 42,9 | 83,3 | 85,7 | 63,6 | 40,0 | 100 | 61,9 | 9 | 62,5 |
| 3.9 Ánægja foreldra með sálfræðiþjónustu (%) | - | 100 | - | - | 100 | - | - | 100 | - | 87,6 |
| 3.10 Hlutf. for. sem hafa óskað eftir sálfræðiþj. á skólaárinu (%) | 6,2 | 12,2 | 6,1 | 16,2 | 14,0 | 3,2 | 9,7 | 9,5 | 4 | 12,1 |
| 3.11 Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti (%) | 82,8 | 73,3 | 66,2 | 67,7 | 66,7 | 62,5 | 71,7 | 70,3 | 10 | 72,6 |
| 3.12 Notkun á mötuneyti (%) | 90,8 | 60,6 | 79,8 | 82,3 | 74,5 | 67,4 | 65,3 | 73,1 | 17 | 85,4 |
| 3.13 Ástæður þess að nem. nýta ekki mötuneyti, ***verð*** (%) | 12,5 | 5,3 | 29,4 | 14,3 | 20,0 | 3,2 | 12,1 | 12,2 | 6 | 8,3 |
| **4. Foreldrasamstarf** | | | | | | | | | | |
| 4.1 Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi | 5,0 | 4,5 | 4,7 | 4,6 | 4,5 | 5,0 | 5,2 | 4,8 | 16 | 4,9 |
| 4.2 Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur (%) | 41,7 | 55,0 | 43,8 | 56,8 | 44,4 | 39,8 | 53,3 | 48,1 | 15 | 54,5 |
| 4. 3 Ánægja með síðasta foreldraviðtal (%) | 94,0 | 99,0 | 96,4 | 92,8 | 93,9 | 96,8 | 89,4 | 95,0 | 5 | 94,3 |
| 4.4 Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar m. nemanda (%) | 59,4 | 49,0 | 48,7 | 43,4 | 49,5 | 63,2 | 44,1 | 51,6 | 9 | 54,2 |
| 4.5 Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra (%) | 87,0 | 87,5 | 89,2 | 82,2 | 82,6 | 89,4 | 83,3 | 86,2 | 5 | 84,8 |
| 4.6 Ánægja foreldra með heimasíðu skólans (%) | 76,8 | 83,3 | 84,3 | 79,8 | 82,8 | 84,5 | 86,3 | 82,6 | 9 | 82,6 |
| 4.7 Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá (%) | 75,0 | 74,0 | 81,8 | 70,0 | 71,3 | 72,9 | 77,6 | 74,5 | 7 | 73,6 |

| | Áslandsskóli | Hraunvallaskóli | Hvaleyrarskóli | Lækjarskóli | Setbergsskóli | Víðistaðaskóli | Öldutúnsskóli | Hafnarfjörður | Sæti af 17 | Skólavogin (Landið allt) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **5. Heimastuðningur** | | | | | | | | | | |
| 5.1 Virkni foreldra í námi barna sinna | 5,2 | 4,6 | 5,2 | 5,1 | 4,8 | 4,7 | 4,6 | 4,8 | 10 | 4,9 |
| 5.2 Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið | 4,6 | 4,7 | 4,8 | 4,7 | 4,9 | 4,8 | 4,9 | 4,8 | 6 | 4,7 |
| 5.3 Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu | 4,7 | 4,1 | 4,6 | 4,0 | 4,3 | 4,8 | 4,2 | 4,4 | 9 | 4,4 |
| 5.4 Hæfileg heimavinna að mati foreldra (%) | 66,3 | 73,0 | 61,2 | 75,6 | 69,1 | 68,4 | 69,6 | 69,4 | **14** | 72,4 |
| 5.5 Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám, *+15 mín* (%) | 63,3 | 58,4 | 66,7 | 60,5 | 44,3 | 39,6 | 49,5 | 54,2 | 6 | 51,9 |
| 5.6 Væntingar foreldra til mentunarstigs barns síns (%) | 88,8 | 78,1 | 68,9 | 81,5 | 85,1 | 81,1 | 81,4 | 80,8 | **5** | 79,7 |
| | | | | | | | | (Af 34) | | |
| **(%)** | **19** | **9** | **12** | **6** | **12** | **16** | **3** | **0** | | |
| **(%)** | **62** | **82** | **56** | **62** | **78** | **62** | **78** | **18** | | |
| **(%)** | **19** | **9** | **31** | **32** | **10** | **22** | **19** | **82** | | |

**Starfsmannakönnun**

| | Áslandsskóli | Hraunvallaskóli | Hvaleyrarskóli | Lækjarskóli | Setbergsskóli | Víðistaðaskóli | Öldutúnsskóli | Hafnarfjörður | Sæti af 16 | Skólavogin (Landið allt) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Svarhlutfall (%) | **89,5** | **89,6** | **64,0** | **81,5** | **85,0** | **85,7** | **75,8** | **81,9** | **-** | **-** |
| **2. Allir starfsmenn** | | | | | | | | | | |
| 2.1 Hlutfall starfsfólks 40 ára og eldra (%) | 69,0 | 51,1 | 67,5 | 84,4 | 82,0 | 80,3 | 72,9 | 71,1 | 7 | 69,3 |
| 2.2 Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð (dagar) | 2,0 | 2,6 | 2,2 | 2,2 | 1,8 | 2,3 | 2,0 | 2,2 | 14 | 2,0 |
| 2.3 Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð (skipti) | 1,1 | 1,1 | 1,2 | 1,3 | 0,8 | 1,1 | 1,0 | 1,1 | **9** | 1,1 |
| 2.4 Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð (skipti) | 0,5 | 0,5 | 0,3 | 0,3 | 0,2 | 0,5 | 0,2 | 0,4 | 14 | 0,3 |
| 2.5 Starfsmannaviðtöl undanfarið ár (%) | 69,0 | 55,1 | 71,8 | 67,7 | 65,3 | 58,0 | 70,8 | 64,3 | 11 | 65,7 |
| 2.6 Gagnsemi starfsmannaviðtals (%) | 77,8 | 65,1 | 65,4 | 56,8 | 85,2 | 82,9 | 92,9 | 75,0 | 15 | 82,5 |
| 2.7 Tíðni áreitni meðal starfsfólks (%) * | 18,3 | 25,3 | 18,4 | 21,5 | 18,8 | 28,6 | 10,4 | 20,9 | 13 | 17,0 |
| 2.8 Tíðni eineltis meðal starfsfólks (%) * | 5,0 | 16,5 | 10,5 | 15,6 | 6,2 | 10,0 | 10,4 | 11,0 | 7 | 12,6 |
| **3. Viðhorf til skólans** | | | | | | | | | | |
| 3.1 Starfsánægja í skólanum | 5,3 | 4,3 | 5,7 | 5,1 | 5,4 | 4,7 | 5,2 | 5,0 | 11 | 5,1 |
| 3.2 Starfsandi innan skólans | 5,2 | 4,0 | 5,9 | 4,6 | 5,3 | 4,5 | 4,7 | 4,8 | 13 | 5,1 |
| 3.3 Stjórnun skólans | 4,9 | 3,7 | 6,1 | 3,9 | 5,0 | 5,2 | 5,1 | 4,8 | 12 | 4,9 |
| 3.4 Upplýsingastreymi innan skólans | 4,8 | 3,9 | 5,6 | 3,7 | 5,3 | 4,4 | 5,7 | 4,7 | 12 | 4,9 |
| 3.5 Starfsaðstaða í skólanum | 5,3 | 4,3 | 4,8 | 4,8 | 4,4 | 4,2 | 4,8 | 4,6 | 14 | 5,0 |

* Hér er gildið öfugt miðað við annars staðar – lægri tala: betri niðurstöður. Hátt gildi þýðir hærri tíðni eineltis/áreitis og lágt gildi minna.

| | Áslandsskóli | Hraunvallaskóli | Hvaleyrarskóli | Lækjarskóli | Setbergsskóli | Víðistaðaskóli | Öldutúnsskóli | Hafnarfjörður | Sæti af 16 | Skólavogin (Landið allt) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **4. Kennarastarfið** | | | | | | | | | | |
| 4.1 Ánægja með kennarastarfið | 5,3 | 4,8 | 5,4 | 4,5 | 4,7 | 4,5 | 5,2 | 4,9 | 15 | 5,3 |
| 4.2 Trú kennara skólans á eigin getu | 5,1 | 4,6 | 5,1 | 4,9 | 5,0 | 4,5 | 4,6 | 4,8 | 8 | 4,8 |
| 4.3 Upplýsingamiðlun til foreldra | 4,8 | 5,1 | 5,5 | 4,8 | 5,4 | 5,2 | 5,3 | 5,2 | 10 | 5,0 |
| 4.4 Tími heimavinnu á viku (mín) | 73,4 | 47,1 | 50,6 | 58,5 | 46,1 | 63,6 | 41,0 | 54,7 | **4** | 46,9 |
| 4.5 Undirbúningur kennslu í skólanum (%) | 51,4 | 67,9 | 56,0 | 70,0 | 80,6 | 69,4 | 87,5 | 68,6 | 6 | 65,6 |
| 4.6 Öllum bekknum kennt í einu (%) | 69,7 | 61,5 | 50,0 | 44,9 | 50,0 | 55,3 | 65,6 | 57,6 | 2 | 46,1 |
| 4.7 Hópavinna í bekk (%) | 27,3 | 32,0 | 24,0 | 34,7 | 18,2 | 20,0 | 17,6 | 25,3 | 8 | 27,0 |
| 4.8 Einstaklingsvinna í bekk (%) | 26,5 | 30,2 | 32,0 | 32,7 | 22,2 | 38,6 | 34,4 | 31,4 | 8 | 30,8 |
| 4.9 Einstaklingsmiðuð kennsla (%) | 40,6 | 31,4 | 33,3 | 54,0 | 31,4 | 31,1 | 38,7 | 36,8 | 16 | 46,1 |
| 4.10 Áhersla kennara á námsmat með prófum (%) | 44,1 | 16,3 | 25,0 | 28,0 | 29,4 | 14,0 | 12,1 | 23,1 | 6 | 22,4 |
| 4.11 Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (%) | 74,3 | 71,2 | 88,0 | 76,0 | 75,0 | 66,7 | 75,0 | 74,2 | 8 | 72,6 |
| **5. Starfsumhverfi kennara** | | | | | | | | | | |
| 5.1 Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika | 5,3 | 4,6 | 4,8 | 4,4 | 4,2 | 3,5 | 3,7 | 4,3 | 15 | 4,9 |
| 5.2 Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem. | 5,3 | 4,7 | 4,7 | 4,7 | 5,0 | 4,1 | 4,5 | 4,7 | 14 | 5,1 |
| 5.3 Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara | 4,4 | 4,1 | 5,5 | 4,0 | 4,8 | 5,2 | 5,5 | 4,7 | 10 | 4,9 |
| 5.4 Samráð um kennslu | 5,6 | 5,3 | 5,5 | 4,8 | 5,8 | 5,5 | 4,4 | 5,2 | 7 | 5,1 |
| 5.5 Samvinna um kennslu | 4,9 | 5,1 | 5,1 | 4,9 | 5,4 | 5,1 | 4,8 | 5,0 | 11 | 5,1 |
| 5.6 Valddreifing við ákvarðanatöku | 4,1 | 3,5 | 5,5 | 3,6 | 4,9 | 4,6 | 4,8 | 4,4 | 13 | 4,8 |
| 5.7 Virk samvinna um skólaþróun og umbætur | 4,7 | 4,9 | 4,6 | 3,7 | 5,2 | 4,0 | 4,4 | 4,5 | 13 | 4,8 |
| 5.8 Vinnuaðstæður kennara | 5,2 | 4,5 | 4,7 | 4,8 | 4,5 | 3,9 | 4,0 | 4,5 | 15 | 5,1 |

| | Áslandsskóli | Hraunvallaskóli | Hvaleyrarskóli | Lækjarskóli | Setbergsskóli | Víðistaðaskóli | Öldutúnsskóli | Hafnarfjörður | Sæti af 16 | Skólavogin (Landið allt) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **6. Mat og endurgjöf** | | | | | | | | | | |
| 6.1 Umfang mats og endurgjafar (%) | 59,4 | 54,0 | 52,0 | 55,3 | 53,3 | 55,8 | 74,1 | 57,8 | 12 | 62,0 |
| 6.2 Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara (%) | 29,0 | 42,2 | 58,3 | 31,8 | 58,6 | 52,4 | 50,0 | 45,3 | 11 | 47,0 |
| 6.3 Sanngirni mats og endurgjafar (%) | 95,5 | 87,5 | 100 | 89,7 | 91,7 | 88,5 | 100 | 92,6 | 6 | 90,2 |
| 6.4 Gagnsemi mats og endurgjafar (%) | 82,4 | 88,9 | 92,3 | 77,8 | 84,6 | 84,0 | 94,7 | 86,4 | 12 | 88,1 |
| 6.5 Nýting á niðurstöðum kennaramats | 5,3 | 5,2 | 5,9 | 3,8 | 5,8 | 4,9 | 4,7 | 5,1 | 7 | 4,7 |
| **7. Símenntun kennara** | | | | | | | | | | |
| 7.1 Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár (dagar) | 16,4 | 12,6 | 13,8 | 8,5 | 18 | 9,1 | 16,4 | 13,2 | 4 | 12,3 |
| 7.2 Símenntunarþörf kennara | 5,8 | 4,9 | 5,6 | 5,7 | 5,9 | 4,9 | 5,9 | 5,5 | 10 | 5,4 |
| 7.3 Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 18 mán (%) | 60,6 | 54,0 | 45,5 | 63,8 | 69,4 | 44,7 | 70,0 | 57,5 | 4 | 61,8 |
| | | | | | | | | | | |
| (%) | **19** | **4** | **42** | **0** | **19** | **4** | **31** | **0** | | |
| (%) | **66** | **46** | **50** | **46** | **62** | **54** | **54** | **81** | | |
| (%) | **15** | **50** | **8** | **54** | **19** | **42** | **15** | **19** | | |

# Viðauki 2: Nemendakönnun – útskýringar á spurningum

## 1. VIRKNI

### 1.1 Ánægja af lestri

**Lýsing**: Ánægja af lestri (e. Enjoyment of reading) er mælikvarði sem þróaður var af OECD fyrir PISA 2000. Samkvæmt OECD hafa fyrri rannsóknir stofnunarinnar sýnt að nemendur með jákvætt viðhorf til lesturs og nemendur sem lesa mikið eru með betri lesskiling. Jafnframt hefur verið sýnt fram á að ánægja af lestri bætir upp neikvæð áhrif af bágri félagslegri stöðu. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hve ósammála eða sammála ert þú eftirfarandi setningum um lestur?

- Liður 1: Ég les bara þegar ég verð að gera það.
- Liður 2: Lestur er eitt af uppáhaldsáhugamálum mínum.
- Liður 3: Mér finnst gaman að tala um bækur við aðra.
- Liður 4: Mér finnst erfitt að klára bækur sem ég er að lesa.
- Liður 5: Ég verð ánægð(ur) ef ég fæ bók að gjöf.
- Liður 6: Lestur er tímasóun fyrir mig.
- Liður 7: Mér finnst gaman að fara í bókabúð eða á bókasafn.
- Liður 8: Ég les eingöngu til að fá þær upplýsingar sem ég þarfnast.
- Liður 9: Ég get ekki setið kyrr og lesið í meira en nokkrar mínútur.
- Liður 10: Mér finnst gaman að segja skoðanir mínar á bókum sem ég hef lesið
- Liður 11: Mér finnst gaman að skiptast á bókum við vini mína

### 1.2 Þrautseigja í námi

**Lýsing:** Þrautseigja í námi (e. Effort and perserverance) er mælikvarði sem þróaður var af OECD fyrir PISA 2000. Mælikvarðinn samanstendur af fjórum spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Þrautseigja í námi vísar til þess hversu mikið nemandinn leggur sig fram. Hugtakið hefur fengið mikla athygli í baráttunni við að koma í veg fyrir að nemendur flosni úr námi. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hve oft eiga eftirfarandi setningar við um þig?

- Liður 1: Þegar ég læri, legg ég eins hart að mér og mögulegt er.
- Liður 2: Þegar ég læri þá held ég áfram jafnvel þó efnið sé erfitt.

- Liður 3: Þegar ég læri, reyni ég að gera mitt besta til að ná tökum á þeirri þekkingu og hæfni sem verið er að kenna.
- Liður 4: Þegar ég læri legg ég mig alla(n) fram.

### 1.3 Áhugi á stærðfræði

**Lýsing:** Áhugi á stærðfræði (e. Interest and enjoyment of Math) er mælikvarði sem þróaður var af OECD fyrir PISA 2003. Mælikvarðinn samanstendur af fjórum spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Áhugi og ánægja af tilteknu námsefni hafa áhrif á stöðugleika í námi einstaklingsins og hve mikið hann leggur á sig við lærdóminn, óháð því hvert viðhorf hans er til skóla og lærdóms. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

<u>Ef þú hugsar um stærðfræði: Hve sammála ertu eftirfarandi setningum?</u>

- Liður 1: Ég hef gaman af því að lesa um stærðfræði.
- Liður 2: Ég hlakka til stærðfræðitíma.
- Liður 3: Ég sinni stærðfræðináminu vegna þess að mér finnst gaman í stærðfræði.
- Liður 4: Ég hef áhuga á því sem ég læri í stærðfræði.

### 1.4 Ánægja af náttúrufræði

**Lýsing:** Kvarðinn Ánægja af náttúrufræði á uppruna sinn í PISA rannsóknunum. Kvarðanum var bætt við haustið 2013 og tók þá við af kvarðanum Persónulegt gildi náttúruvísinda sem verið hafði í listanum frá árinu 2008. Ánægja af náttúrufræði er mæld með því að spyrja hversu sammála/ósammála nemendur eru fimm fullyrðingum.

<u>Hversu sammála ertu eftirfarandi setningum?</u>

- Liður 1: Mér finnst yfirleitt gaman þegar ég er að læra um náttúrufræði
- Liður 2: Mér finnst gaman að lesa um náttúrufræði
- Liður 3: Ég er ánægð(ur) þegar ég er að leysa verkefni í náttúrufræði
- Liður 4: Mér finnst gaman að læra eitthvað nýtt í náttúrufræði
- Liður 5: Ég hef áhuga á að læra um náttúrufræði

### 1.5 Trú á eigin vinnubrögð í námi

**Lýsing:** Með vinnubrögðum í námi (self-regulated learning) er átt við kerfisbundna viðleitni nemandans til að beina hugsunum sínum, tilfinningum og gerðum að því að uppfylla eigin námsmarkmið. Þessi mælikvarði var búinn til af Albert Bandura og veitir upplýsingar um trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi. Mælikvarðinn var þýddur og forprófaður af Skólapúlsinum. Hann samanstendur af sjö spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

<u>Hversu vel treystir þú þér til að geta eftirfarandi?</u>

- Liður 1: haldið mér að námi þegar eitthvað annað áhugavert er í boði
- Liður 2: alltaf einbeitt mér að námsefninu í kennslustundum
- Liður 3: tekið góðar glósur í kennslustundum
- Liður 4: notað bókasafnið til að afla upplýsinga fyrir skólaverkefni
- Liður 5: gert áætlun um hvað ég geri í skólanum í dag
- Liður 6: skipulagt skólavinnu mína
- Liður 7: fest mér í minni upplýsingar sem ég fæ í kennslustundum og úr námsbókum

### 1.6 Trú á eigin námsgetu

**Lýsing:** Trú á eigin námsgetu vísa til trúar nemandans á það að hann geti klárað tiltekið námstengt viðfangsefni s.s. að ná prófum, sýna tiltekna hæfni eða uppfylla önnur námsmarkmið. Sýnt hefur verið fram á tengsl á milli ríkrar trúar á eigin námsgetu og framfara í námi og eins á milli lágrar trúar á eigin námsgetu og lítilla framfara. Þessi mælikvarði er þýddur og forprófaður af Skólapúlsinum úr kvarða sem upprunalega var búinn var til af Albert Bandura. Hann samanstendur af 13 spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

<u>Hversu vel treystir þú þér til að geta eftirfarandi?</u>

- Liður 1: lært íslensku
- Liður 2: lært stærðfræði
- Liður 3: lært dönsku
- Liður 4: lært ensku
- Liður 5: lært íþróttir – líkams- og heilsurækt
- Liður 6: lært náttúrufræði og umhverfismennt
- Liður 7: lært samfélagsgreinar
- Liður 8: lært kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði
- Liður 9: lært listgreinar
- Liður 10: lært lífsleikni
- Liður 11: lært heimilisfræði
- Liður 12: lært hönnun og smíði
- Liður 13: lært upplýsinga- og tæknimennt

## 2. LÍÐAN

### 2.1 Sjálfsálit

**Lýsing:** Mæling á sjálfsáliti gefur til kynna hversu mikils virði nemandanum finnst hann vera. Sjálfsálit er mælt með hinum svokallaða Rosenberg kvarða sem aðlagaður hefur verið að

stöðlunarúrtaki Skólapúlsins. Íslenska þýðingin er fengin hjá Námsmatsstofnun. Mælikvarðinn samanstendur af 9 spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hve ósammála eða sammála ert þú eftirfarandi setningum?

- Liður 1: Mér finnst ég vera að minnsta kosti jafn mikils virði og aðrir.
- Liður 2: Ég hef marga góða eiginleika.
- Liður 3: Ég er misheppnuð/misheppnaður.
- Liður 4: Ég get gert margt jafn vel og aðrir.
- Liður 5: Það er ekki margt sem ég get verið stolt/ur af.
- Liður 6: Ég hef jákvætt viðhorf til sjálfrar/sjálfs míns.
- Liður 7: Ég er ánægð/ur með sjálfa/n mig.
- Liður 8: Ég vildi óska að ég bæri meiri virðingu fyrir sjálfri/sjálfum mér.
- Liður 9: Stundum finnst mér ég einskis virði.

### 2.2 Stjórn á eigin lífi

**Lýsing:** Mælingar á stjórn á eigin lífi (locus of control) voru þróaðar árið 1954 af Julian B. Rotter. Sú þýðing sem notuð er hér er frá árinu 2003 og fengin frá Námsmatsstofnun. Mæling á stjórn á eigin lífi segir til um hvað nemandinn heldur að orsaki velgengni eða hrakfarir í hans eigin lífi. Mælikvarðinn samanstendur af sjö spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Hann er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hve ósammála eða sammála ert þú eftirfarandi setningum?

- Liður 1: Það er í raun útilokað fyrir mig að ráða fram úr sumum vandamálum mínum.
- Liður 2: Stundum finnst mér að aðrir séu að ráðskast með líf mitt.
- Liður 3: Ég hef litla stjórn á því sem kemur fyrir mig í lífinu.
- Liður 4: Ég get gert næstum allt sem ég einbeiti mér að.
- Liður 5: Oft veit ég ekki hvað ég á að gera þegar ég stend frammi fyrir vandamálum í lífinu.
- Liður 6: Framtíð mín ræðst aðallega af mér sjálfri/sjálfum.
- Liður 7: Það er lítið sem ég get gert til að breyta mikilvægum hlutum í lífi mínu.

### 2.3 Vellíðan

**Lýsing:** Kvarðanum Vellíðan var bætt við Skólapúlsinn haustið 2013. Kvarðinn tekur við af kvarðanum Vanlíðan og kvarðanum Kvíða sem voru með í Skólapúlsinum frá árinu 2008. Kvarðinn á uppruna sinn í PISA rannsóknunum og mælir breiðara róf tilfinninga en fyrri kvarðar

ásamt því að mæla einnig jákvæðar tilfinningar. Vellíðan er mæld með því að spyrja hversu of nemendur upplifðu tíu gerðir tilfinninga deginum áður.

Hugsaðu um hvað þú gerðir og upplifðir í gær. Merktu síðan við hve mikið þú upplifðir hverja af eftirfarandi tilfinningum.

- Liður 1: Gleði
- Liður 2: Ró
- Liður 3: Áhyggjur
- Liður 4: Dapur/Döpur
- Liður 5: Hamingja
- Liður 6: Niðurdregin(n)
- Liður 7: Reiði
- Liður 8: Streita
- Liður 9: Þreyta
- Liður 10: Brosti eða hló

### 2.4 Einelti

**Lýsing:** Sá mælikvarði sem notaður er til að mæla einelti er fenginn frá Námsmatsstofnun og er frá árinu 2005. Mælikvarðinn samanstendur af sex spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Mælikvarðinn er mjög jákvætt skekktur en normaldreifing er fengin fram með umbreytingu. Meðaltalið er 5 og staðalfrávikið 2. Á mælikvarðanum um einelti þýða há gildi meira einelti, ólíkt öðrum matsþáttum í nemendakönnun Skólapúlsins er hátt gildi slæmt. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hve oft gerðist eftirfarandi á síðustu 30 dögum?

- Liður 1: Mér fannst að einhver væri að baktala mig.
- Liður 2: Ég var beitt(ur) ofbeldi.
- Liður 3: Ég var skilin(n) útundan.
- Liður 4: Einhver sagði eitthvað særandi við mig.
- Liður 5: Mér leið mjög illa af því hvernig krakkarnir létu við mig.
- Liður 6: Mér leið mjög illa af því sem krakkarnir sögðu um mig eða við mig á netinu.

### 2.5 Tíðni eineltis

**Lýsing:** Spurningunni Tíðni eineltis var bætt við árið 2013. Spurningin á uppruna sinn í PISA rannsóknunum. Tíðni eineltis er mæld með einni spurningu þar sem nemendur eru spurðir hve mörgum sinnum á síðustu 12 mánuðum þeir hafa verið lagðir í einelti og einelti skilgreint á eftirfarandi hátt: Að vera lagður/lögð í einelti er til dæmis þegar annar nemandi eða hópur af nemendum stríðir manni aftur og aftur, ógnar, slær, sparkar í eða skilur mann útundan. Á mælikvarðanum á tíðni einelti þýðir hátt gildi meira einelti, ólíkt öðrum matsþáttum í

nemendakönnun Skólapúlsins er hátt gildi slæmt. Hlutfallið gefur til kynna hversu margir nemendur upplifuðu einelti undanfarið ár.

Að vera lagður/lögð í einelti er til dæmis þegar annar nemandi eða hópur af nemendum stríðir manni aftur og aftur, ógnar, slær, sparkar í eða skilur mann útundan.

- Liður 1: Á síðustu 12 mánuðum, hve mörgum sinnum hefur þú verið lagður/lögð í einelti í skólanum?

### 2.6 Hreyfing

**Lýsing:** Núverandi spurningum um hreyfingu var bætt við Skólapúlsinn haustið 2013. Spurningarnar tóku við af kvarða sem mældi þátttöku í íþróttum sem hafði verið með frá árinu 2008. Spurningarnar eiga uppruna sinn hjá stofnuninni National Health Observances (NHO) undir heilbrigðismálaráðuneyti Bandaríkjanna. Hreyfing er mæld með því að spyrja nemendur hversu sammála/ósammála þeir eru fjórum fullyrðinum. Talan sem gefin er upp sýnir hlutfall nemenda sem voru sammála eða mjög sammála öllum fullyrðingunum.

Hve sammála eða ósammála ertu eftirfarandi setningum um þig sjálfa(n)?

- Liður 1: Mér finnst gaman þegar ég reyni á mig líkamlega
- Liður 2: Það gefur mér orku þegar ég reyni á mig líkamlega
- Liður 3: Mér líður vel í skrokknum þegar ég reyni á mig líkamlega
- Liður 4: Mér finnst mér ganga vel í öllu þegar ég reyni á mig líkamlega

### 2.7 Mataræði

**Lýsing:** Kvarðanum Mataræði var bætt við Skólapúlsinn haustið 2013. Kvarðinn á uppruna sinn í PISA rannsóknunum. Mataræði er mælt með því að spyrja hversu oft nemendur neyttu fimm fæðutegunda á síðustu sjö dögum.

Á síðustu 7 dögum, hve oft borðaðir þú eða drakkst eftirfarandi?

- Liður 1: Ávextir (t.d. epli, appelsínur, bananar)
- Liður 2: Skyndibitar (t.d. hamborgarar, pítsa, franskar kartöflur)
- Liður 3: Grænmeti (t.d. gulrætur, salat, gúrka, paprika)
- Liður 4: Gosdrykkir (t.d. kók, pepsí)
- Liður 5: Vítamín eða fjölvítamín
- 

## 3. SKÓLA- OG BEKKJARANDI

### 3.1 Samsömun við nemendahópinn

**Lýsing:** Mælikvarðinn sem metur líðan í skólanum var þróaður af OECD fyrir PISA 2000 og einnig notaður í PISA 2003. Þessum mælikvarða er ætlað að draga saman viðhorf nemenda til skólans, meta að hve miklu leyti nemendum þykir þeir tilheyra skólanum og

skólamenningunni. Mælikvarðinn samanstendur af sex spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

<u>Í skólanum mínum...</u>

- Liður 1: líður mér eins og ég sé skilin(n) útundan.
- Liður 2: á ég auðvelt með að eignast vini.
- Liður 3: tilheyri ég hópnum.
- Liður 4: líður mér kjánalega og eins og ég passi ekki við hina.
- Liður 5: líkar öðrum vel við mig.
- Liður 6: er ég einmana.
- Liður 7: er ég hamingjusöm/hamingjusamur.
- Liður 8: er allt í besta lagi.
- Liður 9: er ég sátt(ur).

### 3.2 Samband nemenda við kennara

**Lýsing:** Mælikvarðinn sem notaður er til að meta hve jákvætt sambandið er milli nemenda og kennara í skólanum var þróaður af OECD í PISA 2000 og einnig notaður árið 2003. Mælikvarðinn samanstendur af fimm spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Hann er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

<u>Ef þú hugsar um kennarana í skólanum þínum: Hve sammála ertu eftirfarandi setningum?</u>

- Liður 1: Nemendum semur vel við flesta kennara.
- Liður 2: Flestir kennarar eru áhugasamir um að nemendum líði vel.
- Liður 3: Flestir kennararnir mínir hlusta vel á það sem ég hef að segja.
- Liður 4: Ef mig vantar auka aðstoð þá fæ ég hana frá kennurunum mínum.
- Liður 5: Flestir kennararnir mínir eru sanngjarnir við mig.

### 3.3 Agi í tímum

**Lýsing:** Agi í tímum er einn af þeim þáttum sem endurspeglar vel þann vinnuanda sem ríkir í skólanum. Mælikvarðinn kemur úr PISA 2000 og 2003 og er aðlagaður fyrir Skólapúlsinn þannig að staðhæfingarnar eiga við um kennslutíma almennt. Mælikvarðinn samanstendur af fimm spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Hann er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

<u>Hve oft gerist eftirfarandi í kennslutímum hjá þér?</u>

- Liður 1: Kennarinn þarf að bíða lengi eftir því að nemendur róist.
- Liður 2: Nemendur geta ekki unnið vel.
- Liður 3: Nemendur hlusta ekki á það sem kennarinn segir.
- Liður 4: Nemendur byrja ekki að vinna fyrr en langt er liðið á kennslustundina.
- Liður 5: Það er hávaði og óróleiki.

### 3.4 Virk þátttaka nemenda í tímum

**Lýsing:** Virk þátttaka nemenda í tímum er mæld með fjórum spurningum sem mæla einn undirliggjandi þátt sem gefa til kynna hversu oft nemendur fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar og taka þátt í opnum og skipulögðum umræðum um námsefnið. Aðferðin við að meta virka þátttöku nemenda í tímum var þróuð af OECD í PISA 2006. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

<u>Hve oft gerist eftirfarandi í kennslutímum hjá þér?</u>

- Liður 1: Nemendur fá tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar.
- Liður 2: Í tímum fá nemendur tækifæri til að koma skoðunum sínum um ákveðin viðfangsefni á framfæri.
- Liður 3: Í bekknum eru haldnar kappræður eða skipulagðar umræður.
- Liður 4: Nemendur ræða saman um námsefnið.

### 3.5 Mikilvægi heimavinnu í náminu

**Lýsing:** Aðferðin við að meta mikilvægi heimavinnu í náminu var þróuð í PISA verkefninu árið 2000. Mælikvarðinn samanstendur af fjórum spurningum sem í sameiningu gefa til kynna hversu mikilvæg heimavinnan er í náminu bæði hjá kennurum og nemendum. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

<u>Hversu oft eiga eftirfarandi setningar við um þig?</u>

- Liður 1: Ég klára heimavinnuna mína á réttum tíma.
- Liður 2: Kennararnir fara yfir heimavinnuna mína.
- Liður 3: Ég fæ heimaverkefni sem mér finnst áhugaverð.
- Liður 4: Heimavinnan mín er hluti af lokaeinkunn.

## Viðauki 3: Foreldrakönnun – útskýringar á spurningum

### 1. NÁM OG KENNSLA

### 1.1 Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum

**Lýsing:** Mælikvarðinn byggir á viðhorfum foreldra til tíu staðhæfinga um skólann. Þær fjalla um gæði skólans, kennslunnar og námsins. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2.

<u>Að hve miklu leyti ertu sammála eftirfarandi staðhæfingum?</u>

- Liður 1: Flestir kennararnir virðast hæfir og metnaðarfullir
- Liður 2: Gerðar eru miklar kröfur um námsárangur í skólanum
- Liður 3: Ég er almennt ánægð(ur) með námsefnið sem kennt er í skólanum
- Liður 4: Ég er almennt ánægð(ur) með kennsluaðferðirnar sem notaðar eru í skólanum
- Liður 5: Ég er ánægð(ur) með hvernig tekið er á agavandamálum í skólanum
- Liður 6: Skólinn fylgist grannt með námsárangri
- Liður 7: Skólinn veitir reglulega gagnlegar upplýsingar um námsárangur nemenda
- Liður 8: Skólinn stendur sig vel í að mennta nemendur
- Liður 9: Námslegum þörfum nemenda er mætt
- Liður 10: Námið í skólanum eflir félagsþroska nemenda

### 1.2 Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra

**Lýsing:** Mælikvarðinn byggir á sex staðhæfingum sem foreldrar taka afstöðu til og fjalla um hve vel skólinn uppfyllir hinar sex grunnstoðir aðalnámsskrár grunnskóla: Lýðræði, sköpun, jafnrétti, umhverfisvitund, læsi og velferð. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2.

<u>Að hve miklu leyti ertu sammála eftirfarandi staðhæfingum um skólastarfið almennt? Skólastarfið ...</u>

- Liður 1: ... er lýðræðislegt
- Liður 2: ... veitir barninu tækifæri til að vera skapandi í náminu
- Liður 3: ... eykur skilning nemenda á jafnrétti
- Liður 4: ... eflir vitund nemenda um umhverfismál
- Liður 5: ... stuðlar að læsi og færni nemenda í víðum skilningi
- Liður 6: ... stuðlar að heilbrigði og velferð

### 1.3 Ánægja foreldra með stjórnun skólans

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hve vel þeir telja skólanum vera stjórnað. Reiknað er hlutfall foreldra sem telur honum vera vel eða mjög vel stjórnað.

<u>Telur þú að skólanum sé vel eða illa stjórnað?</u>

### 1.4 Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort þeir telja verkefnin í skólanum of þung, hæfilega þung eða of létt. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja þyngdina hæfilega.

Telur þú að verkefnin sem barnið fær í skólanum séu of þung, hæfileg eða of létt?

### 1.5 Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort þeim þyki agi í skólanum vera of mikill, hæfilegur eða of lítill. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja aga hæfilegan í skólanum.

Finnst þér agi í skólanum vera...

### 1.6 Hæfileg áhersla á námsmat með hefðb. prófum að mati foreldra

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort þeir telja áherslu skólans á hefðbundin próf vera hæfilega, of mikla eða of litla. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja áhersluna hæfilega.

Finnst þér skólinn leggja of mikla, hæfilega eða of litla áherslu á að meta námsárangur með hefðbundnum prófum?

### 1.7 Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðbundin próf að mati foreldra

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort þeir telja áherslu skólans á námsmat annað en hefðbundin próf vera hæfilega, of mikla eða of litla. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja áhersluna hæfilega.

Finnst þér áhersla skólans á námsmat annað en hefðbundin próf vera of mikil, hæfileg eða of lítil?

## 2. VELFERÐ NEMENDA

### 2.1 Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur

**Lýsing:** Mælikvarðinn byggir á þremur spurningum þar sem foreldrar eru spurðir hversu ánægðir þeir eru með samskipti starfsfólks skólans við barnið sitt. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með samskipti starfsfólks skólans við barnið þitt?

- Liður 1: Umsjónarkennara
- Liður 2: Annarra kennara
- Liður 3: Annars starfsfólks skólans

### 2.2 Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hversu ánægðir þeir séu með það hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnsins. Reiknað er hlutfall foreldra sem eru mjög eða frekar ánægðir.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnsins?

**2.3 Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt**

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hve vel þeir telja að börnum þeirra líði í skólanum, í kennslustundum og í frímínútum. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja að börnunum líði frekar eða mjög vel.

Hversu vel eða illa telurðu að barninu líði almennt í skólanum

**2.4 Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt**

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hve vel þeir telja að börnum þeirra líði í skólanum, í kennslustundum og í frímínútum. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja að börnunum líði frekar eða mjög vel.

Hversu vel eða illa telurðu að barninu líði almennt í kennslustundum

**2.5 Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt**

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hve vel þeir telja að börnum þeirra líði í frímínútum. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja að börnunum líði frekar eða mjög vel.

Hversu vel eða illa telurðu að barninu líði almennt í frímínútum

**2.6 Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra**

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort barnið hafi orðið fyrir einelti í skólanum. Reiknað er hlutfall foreldra sem segja svo vera á þessu skólaári.

Hefur barnið þitt orðið fyrir einelti í skólanum?

**2.7 Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum**

**Lýsing:** Foreldrar sem segja barnið hafa orðið fyrir einelti eru spurðir hvernig þeim fannst tekið á eineltinu af hálfu skólans. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja að tekið hafi verið frekar eða mjög vel á því.

Hvernig fannst þér tekið á eineltinu af hendi skólans?

**2.8 Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum**

**Lýsing:** Foreldrar sem segja barnið hafa orðið fyrir einelti eru spurðir hve fljótt þeim fannst tekið á eineltinu af hálfu skólans. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja að tekið hafi verið frekar eða mjög fljótt á því.

Hve fljótt fannst þér brugðist við eineltinu af hálfu skólans?

### 2.9 Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort þeir telja unnið vel eftir eineltisáætlun skólans. Bæði þeir sem segja barnið hafa orðið fyrir einelti og einnig þeir sem segja það ekki hafa orðið fyrir einelti. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja unnið mjög eða frekar vel eftir áætluninni.

<u>Telur þú að unnið sé vel eða illa eftir eineltisáætlun skólans?</u>

### 2.10 Meðaltímabil eineltis

**Lýsing:** Foreldrar sem segja barnið hafa orðið fyrir einelti eru spurðir hve lengi það stóð yfir. Reiknaður er vigtaður meðalfjöldi ára sem einelti hefur staðið yfir hjá hverjum nemanda. Valmöguleikinn skemur en eitt ár telur sem hálft ár í vigtuninni.

<u>Hversu lengi stóð eineltið yfir?</u>

## 3. AÐSTAÐA OG ÞJÓNUSTA

### 3.1 Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum

**Lýsing:** Mælikvarðinn byggir á níu staðhæfingum sem foreldrar taka afstöðu til og fjalla um aðstöðu í skólanum, um frímínútur, matartíma, tómstundaiðkun, tölvur, kennslustofur, list- og verkgreinar, íþróttir og ástand húsnæðis. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2.

<u>Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með eftirfarandi í skólanum?</u>

- Liður 1: Gæslu/eftirlit í frímínútum
- Liður 2: Aðstöðu fyrir nemendur á skólalóð í frímínútum
- Liður 3: Aðstöðu fyrir nemendur innandyra í frímínútum
- Liður 4: Aðstöðu til að matast
- Liður 5: Möguleika á tómstundaiðkun að loknum skóladegi
- Liður 6: Aðgang nemenda að tölvum í skólanum
- Liður 7: Aðbúnað í almennum kennslustofum
- Liður 8: Aðstöðu fyrir list- og verkgreinar
- Liður 9: Aðstöðu til íþróttakennslu
- Liður 10: Ástand skólahúsnæðis almennt

### 3.2 Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu/frístundaheimili

**Lýsing:**Mælikvarðinn byggir á sjö staðhæfingum sem foreldrar taka afstöðu til og fjalla um tómstundaþjónustu/frístundaheimili á vegum skólans. Aðeins foreldrar sem nýta þjónustuna eru spurðir.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með tómstundaþjónustuna/frístundaheimilið varðandi eftirfarandi þætti:

- Liður 1: Líðan barnsins
- Liður 2: Eftirlit með starfinu
- Liður 3: Samskipti mín við starfsfólkið
- Liður 4: Samskipti barnsins við starfsfólkið
- Liður 5: Dagleg viðfangsefni barnanna
- Liður 6: Húsnæðið/aðstöðuna
- Liður 7: Verð þjónustunnar

### 3.3 Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili

**Lýsing:** Foreldrar barna á grunnstigi eru spurðir hvort barnið sæki tómstundaþjónustu á vegum skólans (lengd viðvera) eða frístundaheimili (skólavistun) á vegum skólans að loknum skóladegi. Reiknað er hlutfall nemenda með slíka þjónustu.

Ef þú hugsar um þetta skólaár, hefur barnið þitt sótt tómstundaþjónustu á vegum skólans (lengd viðvera) eða frístundaheimili (skólavistun) á vegum skólans að loknum skóladegi?

### 3.4 Ánægja foreldra með sérkennsluna/stuðninginn

**Lýsing:** Foreldrar barna sem fá sérkennslu á skólaárinu voru spurðir hve ánægðir þeir væru með sérkennsluna í skólanum. Reiknað er hlutfall foreldra sem eru mjög eða frekar ánægðir.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með sérkennsluna/stuðninginn?

### 3.5 Hlutfall nemenda með sérkennslu/stuðning í skólanum

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort barn þeirra hafi fengið sérkennslu á skólaárinu. Reiknað er hlutfall af foreldrum sem svara því játandi.

Hefur barnið fengið sérkennslu eða sérstakan stuðning á skólaárinu?

### 3.6 Tíðni sérkennslu/stuðnings

**Lýsing:** Foreldrar barna sem fá sérkennslu á skólaárinu voru spurðir hve oft sérkennslan væri veitt. Reiknað er hlutfall barna sem fá sérkennslu um það bil einu sinni í viku eða oftar.

Hve mikla sérkennslu eða stuðning fékk barnið á þessu skólaári?

### 3.7 Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun

**Lýsing:** Foreldrar barna sem fá sérkennslu á skólaárinu voru spurðir hvort gerð væri einstaklingsáætlun fyrir barnið. Reiknað er hlutfall foreldra sem svara því jákvætt.

Er gerð einstaklingsnámskrá fyrir barnið vegna sérþarfa þess?

### 3.8 Hlutfall foreldra í samstarfi um einstaklingsáætlun

**Lýsing:** Foreldrar barna með sérkennslu á skólaárinu sem hafa einstaklingsáætlun voru spurðir hvort einstaklingsáætlun fyrir barnið væri gerð í samstarfi við þá. Reiknað er hlutfall foreldra sem svara því jákvætt.

Er einstaklingsnámskráin gerð í samstarfi við foreldra?

### 3.9 Ánægja foreldra með sálfræðiþjónustu

**Lýsing:** Foreldrar sem hafa fengið sálfræðiþjónustu fyrir barnið á skólaárinu eru spurðir hvort þeir hafi verið ánægðir með hana. Reiknað er hlutfall foreldra sem voru frekar eða mjög ánægðir.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með sálfræðiþjónustuna?

### 3.10 Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu á skólaárinu

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort þeir hafi óskað eftir sálfræðiþjónustu á skólaárinu. Reiknað er hlutfall foreldra sem það hafa gert, hvort sem þeir hafa fengið þjónustuna eða ekki.

Hefur þú óskað eftir sálfræðiþjónustu fyrir barnið á þessu skólaári?

### 3.11 Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti

**Lýsing:** Foreldrar barna sem nýta mötuneyti skólans eru spurðir hversu ánægðir þeir eru með máltíðirnar. Reiknað er hlutfall foreldra sem eru mjög eða frekar ánægðir.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með máltíðirnar sem barnið þitt fær?

### 3.12 Notkun á mötuneyti

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort börn þeirra borði heitan mat í hádeginu í skólanum. Reiknað er hlutfall barna sem það gera.

Er barnið þitt í fæði hjá mötuneyti skólans í hádeginu?

### 3.13 Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti

**Lýsing:** Foreldrar barna sem ekki nýta mötuneyti eru spurðir um helstu ástæðu þess. Reiknað er hlutfall fyrir fimm ástæður, þ.e. ekki sé mötuneyti í skólanum, börn með ofnæmi eða mataróþol, matvendi barna, verðið og óánægju með matseðil/máltíðir. Tilgreint er hlutfall fyrir hverja ástæðu. Valmöguleikinn *verð* er valinn sérstaklega til frekari skoðunar.

## 4. FORELDRASAMSTARF

### 4.1 Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi

**Lýsing:** Mælikvarðinn byggir á fimm staðhæfingum sem foreldrar taka afstöðu til og fjalla um frumkvæði kennara skólans að samstarfi við þá. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10 og er

normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Mælikvarðanum er umbreytt með Logarithmafalli til að draga fram samhverfa dreifingu á svörum.

Hve oft hefur eftirfarandi gerst á þessu skólaári? Kennari barnsins míns ...

- Liður 1: ... hafði samband við mig (t.d. með orðsendingu, símtali, tölvupósti)
- Liður 2: ... bað mig að aðstoða það við heimanámið
- Liður 3: ... bað mig að fylgjast með heimanámi þess
- Liður 4: ... bað mig að ræða við það um skóladaginn
- Liður 6: ... bað mig að mæta á viðburð í skólanum
- Liður 7: ... bað mig að hjálpa til í skólanum

### 4.2 Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort þeir telja sig hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru í skólanum varðandi barnið. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja sig hafa frekar eða mjög mikil áhrif.

Telurðu að þú hafir almennt mikil eða lítil áhrif þegar teknar eru ákvarðanir í skólanum varðandi barnið þitt?

### 4.3 Ánægja með síðasta foreldraviðtal

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hve ánægðir þeir séu með síðasta foreldraviðtal. Reiknað er hlutfall foreldra sem eru frekar eða mjög ánægðir.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með síðasta foreldraviðtal/samtal sem þú fórst í?

### 4.4 Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort þeir hafi tekið þátt í gerð námsáætlunar fyrir barnið. Reiknað er hlutfall foreldra sem það hafa gert, einu sinni eða oftar.

Hefur þú tekið þátt í gerð námsáætlunar með barninu þínu (t.d. markmið um heimanám eða námsárangur)?

### 4.5 Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hve mikilvægt þeim þyki að gera námsáætlun með barninu. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja það frekar eða mjög mikilvægt.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með síðasta foreldraviðtal/samtal sem þú fórst í?

### 4.6 Ánægja foreldra með heimasíðu skólans

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort þeir telja upplýsingar á heimasíðu skólans gagnlegar. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja þær frekar eða mjög gagnlegar

Telur þú upplýsingar á heimasíðu skólans gagnlegar?

### 4.7 Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort þeir telja sig upplýsta um stefnu skólans og námskrá. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja sig vera frekar eða mjög upplýstir. Spurningin er upprunalega úr foreldrakönnun Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur, sem stýrt var af Hildi Björk Svavarsdóttur. Spurningunni hefur verið breytt lítilega og aðlöguð að foreldrakönnun Skólapúlsins. Niðurstöður fyrir hvern svarmöguleika eru aðgengilegar með því að smella á nafn viðkomandi skóla hér fyrir neðan.

<u>Telur þú þig vera upplýsta/n um stefnu skólans, aðalnámskrá og skólanámskrá?</u>

## 5 HEIMASTUÐNINGUR

### 5.1 Virkni foreldra í námi barna sinna

**Lýsing:** Mælikvarðinn byggir á átta staðhæfingum sem foreldrar taka afstöðu til og fjalla um samskipti foreldra vegna náms barns síns. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2.

### 5.2. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið

**Lýsing:** Mælikvarðinn byggir á fjórum staðhæfingum þar sem foreldrar tilgreina hvort barn þeirra sækist eftir aðstoð frá þeim vegna námsins. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2.

### 5.3 Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í námi

**Lýsing:** Mælikvarðinn byggir á fjórum staðhæfingum þar sem foreldrar tilgreina hvort barn þeirra sækist eftir aðstoð frá þeim vegna námsins. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2.

### 5.4. Hæfileg heimavinna að mati foreldra

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort þeim þyki heimavinna barnsins of mikil, hæfileg eða of lítil. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja það hæfilegt.

### 5.5. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hve miklum tíma á dag þeir verja í að aðstoða barnið með heimanám að meðaltali. Reiknað er hlutfall foreldra við skólann sem verja meira en 15 mínútum á dag.

### 5.6 Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvaða námsgráðu þeir eiga von á að barn þeirra ljúki. Sýnt er hlutfall fyrir háskólanám.

# Viðauki 4: starfsmannakönnun – útskýringar á spurningum

## 2. ALLIR STARFSMENN

### 2.1 Hlutfall starfsfólks 40 ára og eldra

**Lýsing:** Birt er hlutfall starfsfólks sem er 40 ára og eldra.

<u>Hver er aldur þinn?</u>

### 2.2 Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð

**Lýsing:** Birtur er fjöldi daga sem starfsfólk var fjarverandi að meðaltali undanfarnar fjórar vikur. Lagður er saman fjöldi daga sem starfsfólk er fjarverandi vegna eigin veikinda, veikinda í fjölskyldunni, vegna starfsþróunar og vegna annars. Svo er reiknað meðaltal á hvern starfsmann.

### 2.3 Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð

**Lýsing:** Birtur er fjöldi daga sem starfsfólk var fjarverandi hluta úr degi að meðaltali undanfarnar fjórar vikur. Lagður er saman fjöldi skipta sem starfsfólk er fjarverandi vegna eigin veikinda, veikinda í fjölskyldunni, vegna starfsþróunar og vegna annars. Svo er reiknað meðaltal á hvern starfsmann.

### 2.4 Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð

**Lýsing:** Birtur er meðalfjöldi skipta sem starfsfólk kom of seint til vinnu undanfarnar fjórar vikur.2.5 Starfsmannaviðtöl undanfarið ár

**Lýsing:** Starfsfólk er spurt hvort það hafi farið í starfsmannaviðtal (starfsþróunarsamtal) á síðustu tólf mánuðum. Birt er hlutfall þeirra sem það hafa gert.

<u>Hefur þú farið í starfsþróunarsamtal (starfsmannaviðtal) á síðustu 12 mánuðum?</u>

### 2.6 Gagnsemi starfsmannaviðtals

**Lýsing:** Birt er hlutfall starfsfólks sem telur starfsmannaviðtalið hafa verið mjög eða frekar gagnlegt.

<u>Hversu gagnlegt var starfsþróunarsamtalið (starfsmannaviðtalið)?</u>

### 2.7 Tíðni áreitni meðal starfsfólks

**Lýsing:** Birt er hlutfall starfsmanna sem varð fyrir áreitni á síðustu tólf mánuðum annað hvort af hálfu samstarfsfólks <u>eða</u> af hálfu nemenda/foreldra. Þeir sem hafa orðið fyrir áreitni af hálfu beggja eru aðeins taldir einu sinni.

<u>Hefur þú orðið fyrir áreitni frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum?</u>

<u>Hefur þú orðið fyrir áreitni frá nemendum eða foreldrum á síðustu 12 mánuðum?</u>

### 2.8 Tíðni eineltis meðal starfsfólks

**Lýsing:** Birt er hlutfall starfsmanna sem varð fyrir einelti á síðustu tólf mánuðum annað hvort af hálfu samstarfsfólks eða af hálfu nemenda/foreldra. Þeir sem hafa orðið fyrir einelti af hálfu beggja eru aðeins taldir einu sinni.

Hefur þú orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum?

Hefur þú orðið fyrir einelti frá nemendum eða foreldrum á síðustu 12 mánuðum?

## 3. VIÐHORF TIL SKÓLANS

### 3.1 Starfsánægja í skólanum

**Lýsing:** Starfsánægja í skólanum er metin með því að spyrja starfsfólk níu spurninga um tilgang starfs, líðan, frumkvæði, starfsöryggi og framtíð í starfi. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem meiri starfsánægja. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum um skólann og starf þitt?

- Liður 1: Flestir kennararnir virðast hæfir og metnaðarfullir
- Liður 2: Ég veit til hvers er ætlast af mér í vinnunni
- Liður 3: Hæfni mín er vel nýtt í starfi
- Liður 4: Ég er stolt/ur af starfi mínu
- Liður 5: Ég hef frelsi til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í starfi mínu
- Liður 6: Mér líður vel í vinnunni
- Liður 7: Ég sé mig áfram starfa við skólann eftir 2 ár
- Liður 8: Ég hugsa oft um að hætta í núverandi starfi
- Liður 9: Ég tel mig búa við starfsöryggi

### 3.2 Starfsandi innan skólans

**Lýsing:** Starfsandi innan skólans er metinn með því að spyrja starfsfólk sjö spurninga um starfsanda, samvinnu, jafnræði, ímynd og móttöku nýliða. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem betri starfsandi. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum um skólann og starf þitt?

- Liður 1: Á mínum vinnustað er vel tekið á móti nýju starfsfólki
- Liður 2: Jafnrétti kynja er virt í skólanum
- Liður 3: Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum í skólanum
- Liður 4: Skólinn hefur góða ímynd

- Liður 5: Starfsfólk í skólanum miðlar þekkingu sín á milli
- Liður 6: Samvinna er góð í skólanum
- Liður 7: Það er góður starfsandi í skólanum

### 3.3 Stjórnun skólans

**Lýsing:** Gæði stjórnunar skólans eru metin með því að spyrja starfsfólk tíu spurninga um yfirmenn, hrós, hvatningu, traust, samskipti, ágreiningsmál og stjórnun almennt. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem betri stjórnun. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

<u>Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum um skólann og starf þitt?</u>

- Liður 1: Í skólanum er starfsfólk hvatt til að sýna frumkvæði
- Liður 2: Starf mitt er metið að verðleikum af yfirmanni mínum og samstarfsfólki
- Liður 3: Á síðasta mánuði hefur mér verið hrósað fyrir vel unnin störf
- Liður 4: Ég ber traust til yfirmanns míns
- Liður 5: Ég er ánægð/ur með samskiptin við yfirmann minn
- Liður 6: Yfirmaður minn leysir ágreiningsmál sem upp koma á vinnustaðnum
- Liður 7: Ég fæ hvatningu frá yfirmanni mínum
- Liður 8: Mér finnst tekið tillit til skoðana minna og ábendinga um framkvæmd vinnunnar
- Liður 9: Mínum vinnustað er vel stjórnað
- Liður 10: Á síðustu 6 mánuðum hefur yfirmaður minn rætt við mig um frammistöðu mína í starfi

### 3.4 Upplýsingastreymi innan skólans

**Lýsing:** Upplýsingastreymi innan skólans er metið með því að spyrja starfsfólk fjögurra spurninga um flæði upplýsinga, stefnumótun og þjálfun nýliða. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem betra upplýsingaflæði. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

<u>Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum um skólann og starf þitt?</u>

- Liður 1: Ég þekki markmið og stefnu skólans
- Liður 2: Ég fæ nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf mitt
- Liður 3: Upplýsingastreymi í skólanum er gott
- Liður 4: Nýir starfsmenn fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma

### 3.5 Starfsaðstaða í skólanum

**Lýsing:** Starfsaðstaða í skólanum er metið með því að spyrja starfsfólk sex spurninga um aðstöðu, sveigjanleika og álag í starfi. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem betri starfsaðstæður. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum um skólann og starf þitt?

- Liður 1: Vinnuaðstaða mín er góð
- Liður 2: Ég hef aðgang að þeim gögnum og tækjum sem til þarf
- Liður 3: Ég hef sveigjanleika til að samræma starf og einkalíf
- Liður 4: Hjá mér er gott jafnvægi milli starfs og einkalífs
- Liður 5: Álag í starfi mínu er of mikið þegar á heildina er litið
- Liður 6: Vinnuálag mitt hefur aukist á síðustu 12 mánuðum

## 4. KENNARASTARFIÐ

### 4.1 Ánægja með kennarastarfið

**Lýsing:** Ánægja með kennarastarfið er metin með því að spyrja kennara fimm spurninga um viðhorf þeirra til starfsins. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem aukin ánægja með kennarastarfið. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

- Liður 1: Ég er sátt(ur) við starf mitt sem kennari
- Liður 2: Ég er ánægð(ur) með að vera kennari í þessum skóla
- Liður 3: Kennarahópurinn í skólanum er ánægður í starfi
- Liður 4: Ég hafði meiri eldmóð þegar ég byrjaði að kenna en ég hef núna
- Liður 5: Á heildina litið er ég ánægð(ur) með starf mitt

### 4.2 Trú kennara skólans á eigin getu

**Lýsing:** Trú kennara á eigin getu er metin með því að spyrja kennara sex spurninga þar sem þeir eru beðnir að meta færni, árangur og samskipti þeirra sjálfra og annarra kennara við skólann. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem meiri trú kennara skólans á eigin getu. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

- Liður 1: Ég á auðvelt með að ná til nemenda

- Liður 2: Ég næ góðum árangri með nemendur í bekknum (námshópnum) mínum
- Liður 3: Ég get náð árangri með erfiðustu og áhugalausustu nemendurnai
- Liður 4: Kennurum og nemendum semur yfirleitt vel í þessum skóla
- Liður 5: Flestum kennurum í þessum skóla finnst mikilvægt að nemendum líði vel
- Liður 6: Flestir kennarar í þessum skóla hafa áhuga á því sem nemendur hafa að segja

### 4.3 Upplýsingamiðlun til foreldra

**Lýsing:** Upplýsingamiðlun til foreldra er metin með því að spyrja kennara fjögurra spurninga um tíðni samskipta við foreldra um námsárangur, hegðun og líðan nemenda. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem meiri upplýsingamiðlun. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

<u>Hve oft eða sjaldan gerir þú eftirfarandi vegna nemenda þinna?</u>

- Liður 1: Ræði við foreldrana um námsárangur nemandans
- Liður 2: Sendi upplýsingar um námsárangur nemandans til foreldra
- Liður 3: Ræði við foreldrana um hegðun og/eða líðan nemandans
- Liður 4: Sendi upplýsingar um hegðun og/eða líðan nemandans til foreldra

### 4.4 Tími í heimavinnu á viku

**Lýsing:** Birtur er meðaltími sem kennarar ætlast til að nemendur verji í heimavinnu á viku. Heildartíma er deilt með fjölda svarenda.

### 4.5 Undirbúningur kennslu í skólanum

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem undirbúa kennslu aðallega eða eingöngu í skólanum.

<u>Hvert er meginstarf þitt við skólann?</u>

### 4.6 Öllum bekknum kennt í einu

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem kenna öllum bekknum í einu alltaf eða næstum alltaf.

<u>Þegar þú ert með kennslu og/eða fæst við viðfangsefni í skólastofunni, hve oft eða sjaldan skipuleggur þú vinnu nemenda á eftirfarandi hátt?</u>

- Liður 1: Ég kenni öllum bekknum (námshópnum) í einu

### 4.7 Hópavinna í bekk

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem raða í hópa í kennslustundum alltaf eða næstum alltaf, ýmist eftir getu eða með blandaða getu í hverjum hópi. Kennarar sem gera hvoru tveggja eru aðeins taldir einu sinni.

<u>Þegar þú ert með kennslu og/eða fæst við viðfangsefni í skólastofunni, hve oft eða sjaldan skipuleggur þú vinnu nemenda á eftirfarandi hátt?</u>

- Liður 1: Ég raða í hópa eftir námsstöðu (getu) í kennslustundum
- Liður 2: Ég raða í hópa með blandaða námsstöðu (getu) í kennslustundum

### 4.8 Einstaklingsvinna í bekk

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem láta nemendur vinna sjálfstætt alltaf eða næstum alltaf, ýmist með markmið sem sett eru fyrir eða með eigin markmið. Kennarar sem gera hvoru tveggja eru aðeins taldir einu sinni.

Þegar þú ert með kennslu og/eða fæst við viðfangsefni í skólastofunni, hve oft eða sjaldan skipuleggur þú vinnu nemenda á eftirfarandi hátt?

- Liður 1: Nemendur vinna sjálfstætt eftir áætlun eða markmiði sem þeim var sett fyrir
- Liður 2: Nemendur vinna einir og sjálfstætt að markmiði sem þeir settu sér sjálfir

### 4.9 Einstaklingsmiðuð kennsla

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem nota einstaklingsmiðaða kennslu alltaf eða næstum alltaf.

Þegar þú ert með kennslu og/eða fæst við viðfangsefni í skólastofunni, hve oft eða sjaldan skipuleggur þú vinnu nemenda á eftirfarandi hátt?

- Liður 1: Ég nota einstaklingsmiðaða kennslu

### 4.10 Áhersla kennara á námsmat með prófum

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem leggja mikla áherslu á að fylgjast með framförum nemenda með hefðbundnum prófum, samræmdum prófum eða stöðluðu mati. Kennarar sem leggja mikla áherslu á fleiri en eina tegund af prófi eru aðeins taldir einu sinni.

Hve mikla eða litla áherslu leggur þú á eftirfarandi leiðir til að fylgjast með framförum nemenda?

- Liður 1: Hefðbundin próf (til dæmis próf samin af kennara eða próf úr kennslubókum)
- Liður 2: Samræmd próf
- Liður 3: Staðlað mat (s.s. greiningarpróf eða skimun)

### 4.11 Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem leggja mikla áherslu á að fylgjast með framförum nemenda með faglegu mati, jafningjamati, leiðsagnarmati, sjálfsmati nemenda, mati frá foreldrum og öðrum aðferðum sem ekki eru próf. Kennarar sem leggja mikla áherslu á fleiri en eina tegund eru aðeins taldir einu sinni.

Hve mikla eða litla áherslu leggur þú á eftirfarandi leiðir til að fylgjast með framförum nemenda?

- Liður 1: Faglegt mat þitt á vinnu nemenda
- Liður 2: Jafningjamat nemenda

- Liður 3: Leiðsagnarmat
- Liður 4: Sjálfsmat nemenda
- Liður 5: Mat frá foreldrum

## 5. STARFSUMHVERFI KENNARA

### 5.1 Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika

**Lýsing:** Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika er metinn með því að spyrja kennara þriggja spurninga um aðgang kennara að starfsfólki til að aðstoða í og utan kennslustofunnar og aðgang að ráðgjöf sérfræðinga. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem aukinn stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hve mikla eða litla áherslu leggur þú á eftirfarandi leiðir til að fylgjast með framförum nemenda?

- Liður 1: Ég hef aðgang að kennara eða öðru starfsfólki til að vinna með þeim nemendum í kennslustofunni
- Liður 2: Ég hef aðgang að öðrum kennara eða öðru starfsfólki til að vinna með þeim nemendum utan kennslustofunnar
- Liður 3: Ég hef aðgang að ráðgjöf sérfræðinga (t.d. sérkennara eða talkennara) sem geta leiðbeint mér í vinnu minni með þeim nemendum

### 5.2 Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.

**Lýsing:** Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda er metinn með því að spyrja kennara þriggja spurninga um aðgang kennara að starfsfólki til að aðstoða í og utan kennslustofunnar og aðgang að ráðgjöf sérfræðinga. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem aukinn stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hve mikla eða litla áherslu leggur þú á eftirfarandi leiðir til að fylgjast með framförum nemenda?

- Liður 1: Ég hef aðgang að kennara eða öðru starfsfólki til að vinna með þeim nemendum í kennslustofunni
- Liður 2: Ég hef aðgang að kennara eða öðru starfsfólki til að vinna með þeim nemendum utan kennslustofunnar

- Liður 3: Ég hef aðgang að ráðgjöf sérfræðinga sem geta leiðbeint mér í vinnu minni með þeim nemendum

### 5.3 Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara

**Lýsing:** Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara er metinn með því að spyrja kennara sex spurninga um ráðgjöf, virkni, hvatningu og frumkvæði skólastjóra í samskiptum við kennara um starfið. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem aukin faglegur stuðningur skólastjóra við kennara. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

<u>Hversu oft eða sjaldan telurðu að eftirfarandi hafi verið gert á yfirstandandi skólaári?</u>

- Liður 1: Skólastjórnendur ræða markmið námsins við kennara á fundum
- Liður 2: Skólastjórnendur fylgjast með kennslu í kennslustofunni
- Liður 3: Skólastjórnendur gefa kennurum ráð um hvernig þeir geta bætt kennslu sína
- Liður 4: Þegar kennari á í vanda í kennslustofunni hafa skólastjórnendur frumkvæði að því að ræða málin
- Liður 5: Skólastjórnendur sjá til þess að kennarar séu upplýstir um möguleika til að efla og bæta við þekkingu sína og færni
- Liður 6: Skólastjórnendur hrósa kennurum fyrir sérstaka viðleitni eða árangur

### 5.4 Samráð um kennslu

**Lýsing:** Samráð um kennslu er metið með því að spyrja kennara fimm spurninga um samræður við aðra kennara um val á kennslugögnum, samnýtingu kennsluefnis, teymisfundi, matsaðferðir og námsframvindu nemenda. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem meira samráð milli kennara um kennsluna. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

<u>Hve oft eða sjaldan gerirðu eftirfarandi í þessum skóla?</u>

- Liður 1: Fjalla um og tek ákvarðanir um val á kennslugögnum (t.d. námsbókum eða verkefnabókum)
- Liður 2: Skiptist á kennsluefni við samstarfsmenn
- Liður 3: Sæki teymisfundi fyrir þann aldurshóp sem ég kenni
- Liður 4: Ræði við samstarfsmenn um aðferðir við mat á framförum nemenda
- Liður 5: Tek þátt í umræðum um námsframvindu tiltekinna nemenda

### 5.5 Samvinna um kennslu

**Lýsing:** Samvinna um kennslu er metin með því að spyrja kennara þriggja spurninga um tengingu námsgreina, samstarf milli bekkja og aldurshópa og skoðun á kennslu annarra

kennara. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem aukin samvinna milli kennara um kennslu. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hve oft eða sjaldan gerirðu eftirfarandi í þessum skóla?

- Liður 1: Fylgist með kennslu annarra kennara og veiti endurgjöf
- Liður 2: Tek þátt í sameiginlegum viðfangsefnum milli ólíkra bekkja og aldurshópa (t.d. þemaverkefnum)
- Liður 3: Skipulegg nám sem tengir saman ólíkar námsgreinar

### 5.6 Valddreifing við ákvarðanatöku

**Lýsing:** Valddreifing við ákvarðanatöku innan skólans er metin með því að spyrja kennara fjögurra spurninga um þátttöku starfsfólks í umræðum og ákvörðunum og lýðræðislega dreifingu valds. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem aukin valddreifing við ákvarðanatöku. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum?

- Liður 1: Starfsfólk tekur virkan þátt í umræðum og tekur ákvarðanir um flest mál er varða skólann
- Liður 2: Skólastjóri nýtir ráðleggingar annarra við ákvarðanatöku
- Liður 3: Skólastjórnendur dreifa valdi og stjórn með starfsfólki á lýðræðislegan hátt
- Liður 4: Ákvarðanataka á sér stað í gegnum nefndir og samræður milli stiga og viðfangsefna

### 1.7 Virk samvinna um skólaþróun og umbætur

**Lýsing:** Virk samvinna um skólaþróun og umbætur er metin með því að spyrja kennara sex spurninga um samskipti starfsfólks um aukna þekkingu, mikilvægi skólaþróunar, frumkvæði að endurmenntun, lausnir á mismunandi þörfum nemenda, úrbætur á náminu og tækifæri til að miðla reynslu. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem virkari samvinna um skólaþróun og umbætur. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum?

- Liður 1: Starfsfólk vinnur saman að því að auka þekkingu, færni og úrræði og bæta nýrri þekkingu við starf sitt
- Liður 2: Starfsmenn eru meðvitaðir um mikilvægi skólaþróunar

- Liður 3: Starfsmenn leggja sitt af mörkum til skólaþróunar (þeir eru virkir í samstarfi, sýna frumkvæði til endurmenntunar og sýna forystu)
- Liður 4: Starfsfólk skipuleggur og vinnur saman að því að leita lausna í því að mæta mismunandi þörfum nemenda
- Liður 5: Kennarar deila óformlega með sér hugmyndum og tillögum til að bæta nám nemenda
- Liður 6: Einstakir starfsmenn og teymi fá tækifæri til að miðla þekkingu og reynslu innan skólans

### 5.8 Vinnuaðstæður kennara

**Lýsing:** Vinnuaðstæður eru metnar með því að spyrja kennara þriggja spurninga um aðstöðuna og aðgengi að búnaði og kennsluefni. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem betri vinnuaðstæður. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

<u>Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum?</u>

- Liður 1: Viðeigandi búnaður og kennsluefni er aðgengilegt fyrir starfsfólk
- Liður 2: Aðstaðan í skólanum er hrein og aðlaðandi
- Liður 3: Vinnuaðstaðan í skólanum auðveldar starfsfólki samvinnu

## 6. MAT OG ENDURGJÖF

### 6.1 Umfang mats og endurgjafar

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem fá mat og endurgjöf árlega eða oftar, frá skólastjórnendum, frá öðrum kennurum eða frá utanaðkomandi aðilum. Kennarar sem fá mat og endurgjöf árlega eða oftar frá fleiri en einum af þessum aðilum eru aðeins taldir einu sinni. Með mati er átt við það þegar störf kennara eru skoðuð af skólastjórnendum, utanaðkomandi aðila eða samstarfskennurum. Með endurgjöf er átt við það þegar kennari fær upplýsingar um niðurstöður slíkrar skoðunar á störfum hans/hennar (hversu formleg eða óformleg sem sú skoðun hefur verið), oft í þeim tilgangi að vekja athygli á góðri frammistöðu eða benda á þætti sem hægt væri að bæta.

<u>Hve oft hefurðu fengið mat og/eða endurgjöf varðandi starf þitt sem kennari í þessum skóla frá eftirfarandi aðilum?</u>

- Liður 1: Skólastjórnendum
- Liður 2: Öðrum kennurum
- Liður 3: Utanaðkomandi aðilum

### 6.2 Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara

**Lýsing:** Kennarar eru spurðir hvort mat og endurgjöf stjórnenda í daglegu starfi sé hæfilegt, of mikið eða of lítið. Birt er hlutfall kennara sem telja mat og endurgjöf stjórnenda hæfilega.

### 6.3 Sanngirni mats og endurgjafar

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem eru sammála (eða mjög sammála) því að mat/endurgjöf við skólann hafi verið sanngjarnt. Með mati er átt við það þegar störf kennara eru skoðuð af skólastjórnendum, utanaðkomandi aðila eða samstarfskennurum. Með endurgjöf er átt við það þegar kennari fær upplýsingar um niðurstöður slíkrar skoðunar á störfum hans/hennar (hversu formleg eða óformleg sem sú skoðun hefur verið), oft í þeim tilgangi að vekja athygli á góðri frammistöðu eða benda á þætti sem hægt væri að bæta.

<u>Með hliðsjón af matinu og/eða endurgjöfinni sem þú hefur fengið í þessum skóla, hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?</u>

- Liður 1: Matið og/eða endurgjöfin um starf mitt í þessum skóla hefur verið sanngjarnt

### 6.4 Gagnsemi mats og endurgjafar

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem eru sammála (eða mjög sammála) því að mat/endurgjöf við skólann hafi gagnast til að bæta starfið. Með mati er átt við það þegar störf kennara eru skoðuð af skólastjórnendum, utanaðkomandi aðila eða samstarfskennurum. Með endurgjöf er átt við það þegar kennari fær upplýsingar um niðurstöður slíkrar skoðunar á störfum hans/hennar (hversu formleg eða óformleg sem sú skoðun hefur verið), oft í þeim tilgangi að vekja athygli á góðri frammistöðu eða benda á þætti sem hægt væri að bæta.

<u>Með hliðsjón af matinu og/eða endurgjöfinni sem þú hefur fengið í þessum skóla, hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?</u>

- Liður 1: Matið og/eða endurgjöfin hafa gagnast til að bæta starf mitt í þessum skóla

### 6.5 Nýting á niðurstöðum kennaramats

**Lýsing:** Kennarar sem fá mat/endurgjöf árlega eða oftar frá skólastjóra eða öðrum kennurum voru spurðir fimm spurninga um hvernig bugðist er við niðurstöðum mats og slakri frammistöðu. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem virkara eftirlit með frammistöðu kennara. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

<u>Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?</u>

- Liður 1: Í þessum skóla er mat skólastjórnenda á því hvort kennarar standa sig vel eða illa árangursríkt
- Liður 2: Í þessum skóla er mat á starfi kennara aðallega til að uppfylla ytri kröfur og skyldur

- Liður 3: Í þessum skóla hefur mat á starfi kennara lítil áhrif á það hvernig þeir kenna
- Liður 4: Í þessum skóla yrði viðvarandi slök frammistaða kennara ekki látin viðgangast af öðrum í starfsmannahópnum
- Liður 5: Í þessum skóla bregðast stjórnendur við viðvarandi slakri frammistöðu í starfi

## 7. SÍMENNTUN KENNARA

### 7.1 Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár

**Lýsing:** Kennarar eru spurðir hve marga daga þeir sóttu símenntun síðastliðna tólf mánuði. Birtur er meðalfjöldi daga á hvern kennara.

### 7.2 Símenntunarþörf kennara

**Lýsing:** Símenntunarþörf kennara er metin með því að spyrja kennara um þörf þeirra fyrir aukna þekkingu og færni á ellefu sviðum: Aðalnámskrá, námsmat, skipulagningu kennslustunda, aðalnámsgrein þeirra, nýjungar í kennslufræði, upplýsinga- og samskiptatækni, nemendur með sérþarfir, hegðunar- og agamál, fjölmenningarumhverfi, ráðgjöf til nemenda og foreldrasamstarf. Niðurstöðum um hvert svið er lýst nánar í tenglinum Spurningar sem mynda matsþátt. Mælikvarðinn á símenntunarþörf er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem aukin símenntunarþörf kennara. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

<u>Ef þú hugsar um símenntun þína, hve mikla þörf hefur þú fyrir þekkingu/færni á eftirfarandi sviðum?</u>

- Liður 1: Inntaki og markmiðum aðalnámskrár
- Liður 2: Námsmati
- Liður 3: Skipulagning kennslustunda
- Liður 4: Kunnátta og skilningur á aðalkennslugrein(um) minni/mínum
- Liður 5: Að fylgjast með nýjungum og þróun í kennslufræði
- Liður 6: Færni í upplýsinga- og samskiptatækni sem nýtist til kennslu
- Liður 7: Kennsla nemenda með sérþarfir eða sérstakan stuðning
- Liður 8: Hegðunar- og agamál
- Liður 9: Kennsla í fjölmenningarumhverfi
- Liður 10: Ráðgjöf til nemenda
- Liður 11: Samstarf við foreldra

### 7.3 Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 18 mán.

**Lýsing:** Kennarar eru spurðir hvort þeir hefðu viljað taka þátt í meiri símenntun á síðustu átján mánuðum en þeir gerðu. Birt er hlutfall þeirra sem það hefðu viljað.

<u>Á síðustu 18 mánuðum, hefðir þú viljað taka þátt í meiri símenntun en þú gerðir?</u>